



SELTJARNARNESBÆR

ÚTBOÐ

Seltjarnarnesbær óskar eftir tilboðum í jarðvinnu fyrir stúku, félagsaðstöðu og bílastæði við íþróttasvæði bæjarins við Suðurströnd.

Helstu magntölur eru:

Losun klappar

:

~ 1.000 m3

Uppgröftur og brottakstur

:

~ 5.500 m3

Verktími 15. okt - 20. nóv. 2007

Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu VSÓ Ráðgjafar ehf. Borgartúni 20, 105 Reykjavík frá og með mánudeginum 24. september 2007.

Tilboðum skal skila á sama stað eigi síðar en þriðjudaginn 2. október 2007 kl. 11:00 og verða þau þá opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

VSÓ RÁÐGJÖF



KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF

Í LEIKSKÓLUM KÓPAVOGS:

Leikskólakennarar!

Kynnið ykkur nýjar samþykktir

Kópavogsbæjar í tengslum við bókanir í

kjarasamningum Félags leikskólakennara

og Launanefndar sveitarfélaga

Arnarsmári: 564 5380

• Leikskólakennarar

Baugur, NÝR LEIKSKÓLI: 570 1600

• Leikskólakennarar

Dalur: 554 5740

• Leikskólakennari

• Leikskólasérkennari/þroskaþjálfari

Efstihjalli: 554 6150

• Leikskólakennarar

• Aðstoð í eldhús 75%

Fífusalir: 570 4200

• Starfsmaður í sérkennslu

• Deildarstjóri á eldri deild

• Deildarstjóri á yngri deild

Grænatún: 554 6580

• Leikskólakennari

• Starfsmaður vegna stuðnings 80-100%

Kópahvoll: 554 0120

• Leikskólakennari 100%

Kópasteinn: 564 1565

• Leikskólakennari 100%

• Hlutastarf e. hádegi

Marbakki: 564 1112

• Aðstoð í eldhús, hlutastarf

Núpur: 554 7020

• Leikskólakennarar

• Starfsmaður í sérkennslu

• Aðstoð í eldhúsi 80%

Rjúpnahæð: 570 4240

• Leikskólakennarar

Urðarhóll – Heilsuleikskóli: 554 7789

• Leikskólakennarar

• Starfsmaður í sérkennslu/þroskaþjálfari

Nánari upplýsingar á:

www.kopavogur.is

og www.job.is



Bílauppboð

Bandaríska Sendiráðið óskar eftir tilboðum í eftirtaldar bifreiðar.

PJ146

VW transporter

2001 ekinn

40814

Blár Sjálfsk. diesel

VL226

VW transporter

2001 ekinn

19589

Rauður Sjálfsk. diesel

YD361

Land Rover Freelander

2000 ekinn

60101

Grár Sjálfsk. Bensín

AT197

Subaru Forester

2000 ekinn

61033

Hvítur Sjálfsk. Bensín

Bifreiðarnar verða til sýnis mánudaginn 24. og þriðjudaginn 25. september n.k. í samráði við Ismar Hadziredzepovic í síma 693 9206 Eða Guðmund Eyjólfsson í síma 693 9219. Athygli bjóðenda er vakin á að bifreiðarnar eru seldar ótollafgreiddar og er greiðsla aðflutningsgjalda á ábyrgð kaupenda.

Tilboðum skal skilað á þar til gerðum tilboðsblöðum í lokuðu umslagi í Bandaríska Sendiráðið fyrir kl. 17.00 fimmtudaginn 27. september.



Ásbjörn Ólafsson ehf.

LAGERMAÐUR

Ásbjörn Ólafsson ehf. leitar að lagermanni í vöruhús fyrirtækisins.

STARFSSVIÐ

Móttaka á vörum, tiltekt pantana, lestun, losun, taining o.fl.

HÆFNISKRÖFUR

Að viðkomandi sé duglegur, röskur, áreiðanlegur og nákvæmur. Lipur í mannlegum samskiptum. Lyftararéttindi.

Umsóknir skulu berast fyrir 5. október á asbjorn@asbjorn.is. Nánari upplýsingar veittar í s: 414-1100.

Ásbjörn Ólafsson ehf. er fyrirtæki sem sérhæfir sig í innflutningi, sölu, markaðssetningu og dreifingu á matvörum, sælgaði, búsaðhöldum o.fl.



Hefurðu gaman af mannlegum samskiptum ?

Móttökustjóri í glæsilegu umhverfi

Starfssvið:

* Stýring og umsjón móttöku

* Móttaka viðskiptavina og símaþjónusta

* Eftirlit með ræstingu og öryggismálum

* Þjónusta við innri og ytri viðskiptavini

* Almenn skrifstofustörf og starfsmannamál

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi marktæka reynslu af sambærilegu, hæfni í mannlegum samskiptum, ríka þjónustulund og skipulagshæfni. Góð íslensku- og enskukunnátta er nauðsynleg.

Móttökuritari

Starfssvið:

* Móttaka viðskiptavina og símaþjónusta

* Almenn skrifstofustörf

* Þjónusta við innri og ytri viðskiptavini

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi marktæka reynslu af sambærilegu auk hæfni í mannlegum samskiptum og mikla þjónustulund. Góð íslensku- og enskukunnátta er jafnframt nauðsynleg.

Umsóknarfrestur er til og með 5. október nk. Gengið verður frá ráðningum skv. nánara samkomulagi. Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ MRI.

Guðný Harðardóttir og Gunnar Hólmsteinn Ársælsson, hjá STRÁ MRI veita nánari upplýsingar, en viðtalstími er frá kl. 13-15 alla virka daga. Vinsamlega sendið umsóknir / starfsferilskrár til stra@stra.is. Þeir sem eiga umsóknir fyrirliggjandi hringi eða sendi rafpóst og tilkynni þátttöku.



Suðurlandsbraut 6 - 108 Reykjavík - sími 588 3031 - www.stra.is



www.smi.is

Fagmennska í 20 ár

**Schindler**

Héðinn Schindler lyftur sér um sölu og viðhald á lyftum og rennistigum. Fastir starfsmenn eru 12 talsins.

Fyrirtækið er hluti af Schindler Group.

BÓKARI

Héðinn Schindler lyftur ehf. óska eftir að ráða bókara.

Starfssvið

- Fjárhagsbókhald
- Viðskiptamannabókhald
- Launaútreikningar
- Greiðsla reikninga
- Innheimta
- Uppgjör
- Almenn skrifstofustörf
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Góð þekking á bókhaldi og launavinnslu
- Reynsla af bókhaldsstörfum
- Góð tölvukunnátta
- Nákvæmni og skipulögð vinnubrögð
- Geta til að vinna sjálfstætt
- Góð þjónustulund
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsjón með starfinu hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfðanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 30. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

capacent

ERTU KLÁR?

Capacent er stærsta rannsóknar-, ráðgjafar- og ráðningarfyrirtæki landsins þar sem yfir 100 sérfræðingar með fjölbreytta reynslu og menntun stuðla að bættum árangri viðskiptavina. Markmið Capacent er að starfsfólk sé ánægt í starfi og hafi tækifæri til að vaxa og þróast á sínu sviði. Þetta teljum við að skili okkur hæfara starfsfólki og fyrirtækinu betri árangri. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á vefsíðu Capacent: www.capacent.is.

Capacent óskar eftir að ráða einstakling til starfa við hugbúnaðargerð. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfssvið

- Endurgerð og nýsmiði sérsmiðaðra lausna
- Vinna við verkefnaáætlun og þarfagreiningu
- Hugbúnaðarhönnun og forritun

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða kerfisfræði
- Reynsla af hugbúnaðargerð og vinnu við gagnagrunna
- Þekking á SQL, ASP.Net og C#
- Þekking á helstu ferlum og aðferðum hugbúnaðarqerðar æskileg

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfðanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 27. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



AÐSTOÐARMAÐUR/RITARI

Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir aðstoðarmanni/ritara í fullt starf í tæpt ár vegna fæðingarorlofs.

Æskilegt er að sá sem ráðinn er geti hafið störf fljótlega.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu í starfið hefur verið tekin.

Starfssvið

Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf á skrifstofu þingmanna, allt frá gagnaöflun og úrvinnslu til almennra ritarastarfa.

Menntunar- og hæfniskröfur

Umsækjandi þarf að hafa háskólagráðu á sviði stjórnmálafræði og/eða annarra félagsvísinda og hafa mjög gott vald á íslensku, einu Norðurlandamáli og ensku. Leitað er að einstaklingi sem er sjálfstæður í vinnubrögðum, sveigjanlegur og áhugasamur um samfélagsmál.

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 7. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Stöðlaráð Íslands er vettvangur hagsmunaaðila til að vinna að stöðlun og notkun staðla á Íslandi. Ráðið starfar á grundvelli laga um staðla og Stöðlaráð Íslands, nr. 36/2003. Stöðlaráð stendur fyrir námskeiðum og veitir ráðgjöf, upplýsingar og þjónustu um hvaðeina er lýtur að stöðlum og stöðlun. Jafnframt sér Stöðlaráð um sölu staðla frá fjölmörgum staðlastofnunum. Stöðlaráð er fulltrúi Íslands í alþjóðlegu staðlasamtökunum ISO og IEC, evrópsku staðlasamtökunum CEN, CENELEC og ETSI, og þátttakandi í norrænu stöðlunarsamstarfi INSTA.

VERKEFNASTJÓRI

Stöðlaráð óskar eftir að ráða verkefnastjóra til starfa sem fyrst.

Starfssvið

- Þátttaka á fundum tækniráðs CEN og samráð við innlenda hagsmunaaðila vegna þess, yfirumsjón með þátttöku í tæknilegu staðlastarfi hjá CEN
- Umsjón með faglegri vinnu varðandi stöðlun á sviði bygginga og mannvirkja-gerðar, og kynningu á því starfi
- Umsjón með faglegri vinnu varðandi stöðlun á sviði gæða- og umhverfis-stjórnunar og á skyldum sviðum og kynningu á því starfi
- Ritari Byggingarstaðlaráðs og Fagstjórnar um stöðlun í gæðamálum
- Önnur stöðlunarverkefni skv. ákvörðun yfirmanns

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í byggingarverkfræði
- Starfsreynsla í byggingariðnaði æskileg
- Reynsla af gæðastjórnun og notkun staðla
- Góð íslensku- og enskukunnátta, önnur tungumál kostur, hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar

Stöðlaráð er ein af Fyrirmyndarstofnunum SFR árið 2007.



Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdis Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 7. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Vinna.is
Sími 511 1144 www.vinna.is



Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

HÚSASMIÐUR HVAMMSTANGA

Staða húsasmiðs hjá vinnuflokki Vegagerðarinnar Hvammstanga er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og Samiðnar.

Starfssvið

- Vinna við brúasmið
- Ýmis tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Sveinspróf í húsasmiði
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Sigurður J. Eysteinnsson (sigurdur.eysteinnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 1. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags. Tekið er mið af jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins við ráðningar í störf hjá ráðuneytinu.

VERKEFNISSTJÓRI

Forsætisráðuneyti óskar eftir að ráða verkefnisstjóra fyrir vefinn www.island.is. Leitað er að kraftmiklum og hugmyndaríkum einstaklingi til að leiða þróun vefsins. Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf.

Starfssvið

- Þróun, innleiðing nýjunga og ritstjórn
- Dagleg umsjón með vefnum
- Kynning vefsins
- Áætlanagerð og undirbúningur samninga
- Samskipti við samstarfs- og þjónustuaðila
- Þátttaka í nefndarstarfi

Menntunar- og hæfniskröfur

- Þekking og reynsla af uppbyggingu og umsjón vefkerfa nauðsynleg
- Háskólamenntun á sviði upplýsingatækni æskileg
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði og faglegur metnaður
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum nauðsynleg

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdis Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 7. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



REKSTRARSTJÓRI BÍLAREKSTRARDEILDAR

Samskip er fjölbreyttur og krefjandi vinnustaður þar sem þekking, frumkvæði og samheldni er lykillinn að árangri. Samskip bjóða viðskiptavinum sínum upp á alhliða flutninga og tengda þjónustu hvert sem er og hvaðan sem er í heiminum. Samskip starfrækja skrifstofur og dótturfélög beggja vegna Atlantshafsins og starfa þannig á alþjóðlegum flutningamarkaði. Hjá Samskipum starfa nú um 1400 starfsmenn á 56 skrifstofum í 23 löndum.

Starfssvið

- Ábyrgð á bíla- og tækjarekstri Samskipa
- Öflun tilboða og samningagerð við birgja
- Kaup, sala og leiga tækja
- Umsjón og eftirfylgni með viðhaldi tækja
- Áætlanagerð, uppgjör og virkt kostnaðareftirlit
- Ýmis önnur verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Grunnþekking í viðgerðum og viðhaldi tækja og bíla
- Menntun á sviði rekstar mikill kostur
- Haldgöð reynsla af rekstri, stjórnun og eftirfylgni
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta
- Kappsemi, góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Gott frumkvæði og metnaður til að ná árangri

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfðanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 30. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

**Fyrir alla**

Húsasmiðjan hvetur alla, á hvaða aldri sem er sem vilja starfa hjá traustu og góðu fyrirtæki til að sækja um.

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvára á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanir eru 21 á landsvisu. Í verslunum okkar höfum við á boðstólum yfir 100.000 vörutegundir.

Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 1000 manns á öllum aldri. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.

www.husa.is

Spennandi framtíðarstörf

❖ Pípulagnaverslun Skútuvogi**❖ Viljum ráða áhugasama sölu- og afgreiðslumenn í pípulagnaverslun okkar Skútuvogi****Um starfið:**

- ❖ Starfið felst í sölu, ráðgjöf og þjónustu við viðskiptavinum
- ❖ Menntun eða einhver reynsla af pípulögnum æskileg
- ❖ Reynsla úr sambærilegu starfi kostur

❖ Viljum einnig ráða starfsmenn á lager**Um starfið:**

- ❖ Starfið felst í tiltekt pantana
- ❖ Móttöku á vörum
- ❖ Og öðrum tilfallandi störfum

Umsóknir berist til starfsmannastjóra Húsasmiðjunnar, Guðrúnar Kristinsdóttur, atvinna@husa.is. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunnar www.husa.is.



HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

**Vélrás ehf.
Bífreiða & Vélaverkstæði**

Óskum eftir aðila til sendistarfa ásamt aðstoð á lager.

Upplýsingar í s. 860 1850
Sérhæfð þjónusta við rafkerfi og glussakerfi.

**Vélrás ehf.
Bífreiða & Vélaverkstæði**

Starfsmaður óskast til að sjá um innkaup og lagerhald.

Upplýsingar í s. 860 1850
Sérhæfð þjónusta við rafkerfi og glussakerfi.



GARÐABÆR

www.gardabaer.is

**Sjálandsskóli Tómtundaheimili
Leiðbeinandi**

"Börn eru besta fólkið"

Hér er áhugavert starf fyrir þig sem hefur reynslu af listum, íþróttum, útivist eða gaman af að umgangast börn. Þetta starf hentar vel með framhalds- eða háskólanámi.

Um er að ræða hlutastarf eftir hádegi.

Umsóknarfrestur er til 30. september.

Umsóknir berist skólastjóra sem veitir nánari upplýsingar í sínum 590 3100 og 820 8505 eða á helgi@sjalandsskoli.is

Laun eru samkæmt kjarasamningi LN og Starfsmannafélags Garðabæjar

Deildarstjóri skóladeildar

Fræðslu- og menningarsvið

您想在全
球工作
吗

...eða með öðrum orðum hefur þú áhuga á að starfa á alþjóðlegum vettvangi?



Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Hjá Actavis starfa um 11 þúsund einstaklingar í 40 löndum, sem eru reiðubúnir að taka áskorunum með það að markmiði að koma Actavis í fremstu röð samheitalyfjafyrirtækja.

Actavis leitar að metnaðarfullum einstaklingum til starfa sem eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni.

Starf sérfræðings í klínískum rannsóknum

Klínískar rannsóknir (e. Clinical Department) er hluti af þróunarsviði Íslands og hefur umsjón með framkvæmd frásögrannsókna fyrir Actavis Group. Rannsóknir eru framkvæmdar bæði fyrir Evrópumarkað og Bandaríkjamarkað. Deildin er í samstarfi við erlend rannsóknarfyrirtæki í Kanada, Ameríku og Indlandi.

Starfið felur m.a. í sér söfnun gagna um eiginleika lyfja, mat og utnumhald á gögnum, hönnun rannsóknaráætlunar, eftirlit með rannsóknum, túlkun á reglum og reglugerðum sem varða frásögrannsóknir. Starfið krefst umtalsverða samskipta við erlenda verkefnastjóra rannsóknarfyrirtækja, sérfræðinga, starfsmenn fyrirtækisins og skráningaryfirvalda.

Við leitum að einstaklingi með háskólapróf í lyfjafræði eða sambærilegum greinum. Gerð er krafa um nákvæmni, sjálfstæði og góða ensku- og tölvukunnáttu.

Nánari upplýsingar veitir Harpa Þ Böðvarsdóttir á starfsmannasviði Actavis Group, hbodvarsdottir@actavis.com.

Actavis leitast við að ráða starfsfólk sem:

- sýnir metnað í hverju því sem það innir af hendi
- sýnir viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustulund
- leggur áherslu á samvinnu, því í sameiningu komumst við lengra en við getum ein
- ber virðingu fyrir auðlindum sínum og sýnir hagkvæmni í daglegum störfum
- hefur sveigjanleika til að geta gripið tækifærin sem því gefast
- sýnir framsækni og lætur hlutina gerast

Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is undir **Störf í boði** fyrir 1. október n.k.

Actavis Group hf. Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði s 535 2300 f 535 2301 @ actavis@actavis.com w www.actavis.com



www.arion.is

Arion verðbréfavarsla hf. Áhugaverð störf hjá framsæknu fyrirtæki

Vegna aukinna verkefna leitar Arion að metnaðarfullum og traustum einstaklingum til starfa.

Innlent uppgjör – Vörslu og uppgjörssvið

Innlent uppgjör sér um frágang viðskipta með íslensk verðbréf.

Helstu verkefni

- Frágangur/uppgjör viðskipta á innlendum markaði
- Uppgjör á íslenskum verðbréfum á erlendum mörkuðum
- Umsjón með flutningi verðbréfa
- Dagleg samskipti við innlenda og erlenda viðskiptavini Arion
- Þróun nýrra afurða tengdum innlendum viðskiptum
- Þátttaka í hópverkefnum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf
- Góð enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Ákveðni og jákvætt viðmót
- Nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund

Þróun – Upplýsinga- og tæknisvið

Ýmis þróun á upplýsingakerfum Arion. Allir gagnagrunnar Arion eru í MS SQL Server 2005. Þróunarumhverfi Arion er MS Visual Studio 2005, þ.á.m. Reporting Services og Integration Services.

Helstu verkefni

- Þróun á skýrslum fyrir starfsmenn Arion
- Greining og úrvinnsla verkefna á þjónustuborði
- Þróun á upplýsingakerfi fyrir yfirstjórn Arion (MIS kerfi)
- Þróun á nýjum kerfum sem styðja við vöruþróun Arion
- Þátttaka í greiningu á breytingum og viðbótum við aðkeypt kerfi

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í tölvunar- eða verkfræði, eða sambærileg menntun
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Reynsla af gagnagrunnsforritun er kostur
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Reynsla af fjármálamarkaði er kostur

Fyrirtækjaaðgerðir – Vörslu og uppgjörssvið

Fyrirtækjaaðgerðir framkvæma allar aðgerðir er varða verðbréf, aðrar en bein kaup eða sölu bréfa. Helstu aðgerðir eru dreifing á jöfnunarbréfum, samrunar og yfirtökur og útgreiðsla arðs í formi peninga eða bréfa ásamt afborgunum skuldabréfa.

Helstu verkefni

- Útsending tilkynninga vegna fyrirtækjaaðgerða til viðskiptavina Arion
- Móttaka fyrirmæla frá viðskiptavinum Arion ef um valkvæða aðgerð er að ræða
- Samskipti við erlenda vörsluaðila Arion
- Framkvæmd og eftirfylgni fyrirtækjaaðgerða í viðskiptakerfum Arion á líftíma aðgerðarinnar
- Samskipti við innri deildir Arion, s.s. bókhald, eignavörslu og uppgjör viðskipta
- Fjöldi annarra verkefna sem tengjast fyrirtækjaaðgerðum

Menntunar- og hæfniskröfur

- BSc. í viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Mjög góð enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Viðkomandi þarf að vera töluglökkur
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Rík ábyrgðartilfinning
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Nánari upplýsingar veitir starfsmannasvið@arion.is.
Umsóknarfrestur er til og með **2. október**.
Vinsamlegast sendið umsóknir á netfangið **starfsmannasvið@arion.is**.

Arion verðbréfavarsla hf. er þjónustufyrirtæki fyrir innlend og erlend fjármálafyrirtæki, verðbréfasjóði og lífeyrissjóði. Viðskiptavinir Arion í dag eru Kaupþings samstæðan, 19 alþjóðlegir bankar, íslenskar verðbréfamíðlanir, sparisjóðir, fjárfestingabankar, verðbréfasjóðir, lífeyrissjóðir og fjárfestingafélög. Arion býður sérsniðnar og hagkvæmar lausnir varðandi uppgjör og umsjón með verðbréfum og er eina sérhæfða fyrirtækið á því sviði á Íslandi. Arion er í dag með um 2.500 milljarða króna verðbréfaeign í sinni vörslu fyrir hönd viðskiptavina.

Hjá Arion starfa 88 vel menntaðir og metnaðarfullir starfsmenn. Einkunnarorð starfsmanna eru: Áreiðanleiki, þjónustulund, fagmennska og framsækni.



Arion verðbréfavarsla hf. - Ármúli 13, 108 Reykjavík - S: 528 2800



KÓPAVOGSBÆR

Frá Lindaskóla

Eftirfarandi störf eru laus til umsóknar:

- Stærðfræðikennari á eldra stig
- Starfsfólk í Dægradvöl
- Gangavörður/ræstir

Laun eru skv. kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Upplýsingar veitir skólastjóri, Gunnsteinn Sigurðsson, í síma 554 3900 eða 861 7100.

Hvetjum konur jafnt sem karla að sækja um störfín.

www.kopavogur.is - www.job.is



Starfsfólk óskast til starfa!

Um er að ræða 2-3 störf við framleiðslu og í vöruafgreiðslu. Viðkomandi einstaklingur þarf að vera stundvís og samviskusamur. Lyftarapróf er kostur.

Nánari upplýsingar veitir verkstjóri í síma 480-1625

Umsóknir skulu berast til MS Selfoss, Austurvegi 65, Selfossi eigi síðar en 28. september nk. Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast í mjólkurbúinu en einnig má senda umsóknir á netfangið starfsmannasvid@ms.is.



Veitingahús í örum vexti óskar eftir

- yfirmatreiðslumanni,
- matreiðslumanni
- og aðstoðarfólk í eldhús.

Upplýsingar gefnar í síma: 691-2221 Gunnar.



Hjúkrunarfræðingar

Óskast á kvöldin og um helgar. Starfshlutfall er samkomulagsatriði. Frá 1. desember er jafnframt laus 80-100% staða allar vaktir.

Sunnuhlíð er heimilislegt hjúkrunarheimili á góðum stað í Kópavogi. Þar búa 69 heimilismenn og að auki eru þar 4 hvíldarinnlagnarpláss.

Nánari upplýsingar veitir:
Dagmar Huld Matthíasdóttir
hjúkrunarforstjóri
Sími 5604163 eða 5604100
Netfang dagmar@sunnuhlid.is

Sjá einnig heimasíðu Sunnuhlíðar
www.sunnuhlid.is



JetX – Primera Air er leiguflugfélag staðsett í Kópavogi og flýgur frá Norðurlöndunum til áfanga-staða víðs vegar um Evrópu. Starfsfólkið er vel menntað, áhugasamt, árangursdrifið og fara samskipti að mestu fram á ensku. Við hlökkum til að deila með þér því áhugasama vinnuumhverfi sem við hrærumst í.

JetX – Primera Air is a charter airline based in Kópavogur, operating flights out of the Nordic countries to various destinations in Europe. The employees are well educated, motivated, result oriented and communicate mostly in English. We are already looking forward to sharing an inspiring working environment with you.



Vegna mikilla umsvifa flugfélagsins höfum við ákveðið að fjölga í starfsliði okkar og leitum að tveimur hæfum einstaklingum í eftirtaldr stöður:

Upplýsinga- og tæknideild
STARFSMAÐUR Á ÞJÓNUSTUBORD

Starfssvið:

- Dagleg umsjón með þjónustuborði fyrir aðalskrifstofu og alla flugliða á virkum dögum
- Dagleg umsjón með www.jetx.is og innri vefkerfum
- Dagleg umsjón með pósthólfum flugliða
- Kennsla ásamt ritun leiðbeininga og kennsluefnis
- Önnur tilfallandi störf

Við væntum þess að þú hafir góða þjónustulund, sért þolinmóður, úrræðagóður og vinnusamur einstaklingur.

Hæfnis-og menntunarkröfur:

- Almenn þekking á Microsoft umhverfi og hugbúnaði
- Almenn þekking á staðarnetum, nethögun o.s.frv.
- Mjög góð þekking á vefforritun og grunnþekking í forritun
- Þekking á MS SQL gagnagrunnum og fyrirspurnum æskileg
- Mjög góð ensku- og íslenskukunnátta, bæði töluð og rituð
- Stúdentspróf eða önnur sambærilega menntun

Flugrekstrardeild
YFIRMAÐUR FLUGUMSJÓNAR

Þú munt vinna náið með flugrekstrarstjóra og staðgengli hans og helstu ábyrgðarsviðin eru:

- Yfirumsjón með flugumsjón og daglegum verkefnum þar að lútandi
- Fylgjast með og fylgja eftir stundvísi í flugrekstrinum
- Þróa, móta og koma verkferlum í framkvæmd
- Stöðug eftirfylgni með flugáætlunum og framkvæmd þeirra á sem hagkvæmasta hátt
- Umsjón með efni flugrekstrarhandbóka sem rekstur okkar byggir á.

Við gerum ráð fyrir að þú sért sjálfstæður í vinnubrögðum og ákveðinn en hafir einnig góða eiginleika til að vinna í hóp. Staðan krefst þess að þú sért vel skipulagður og rökvís og hafir góða stjórnumarhæfileika.

Starfið getur krafist þess að þú vinnir reglulega utan venjulegs vinnutíma þar sem ætlast er til að þú takist á við ólík mál sem upp koma í flugrekstri á öllum tímum.

Til þess að koma til greina í stöðuna þarftu að:

- Hafa mikla þekkingu og reynslu á flugrekstarsviði flugiðnaðarins
- Hafa góða almenna menntun eða stúdentspróf, stjórnumarreynsla er kostur
- Búa yfir mjög góðri enskukunnáttu, bæði talaðri og ritaðri
- Kunna vel á Excel, Word, Outlook og hafa aðra almenna töluþekkingu
- Hafa tök á því að ferðast ef þess gerist þörf

Fyrri starfsreynsla sem flugumsjónarmaður eða flugmaður verður talið umsækjanda til tekna.

Due to expansion, we are recruiting two skilled individuals for the following vacancies:

IT Department
A PERSON TO RUN OUR IT HELP DESK

Areas of responsibility:

- Running IT help desk for head office and crew members
- Supervising www.jetx.is and intranet websites
- Supervising crew mailboxes
- Training and writing of instructions and manuals
- Other miscellaneous duties

We expect you to be service minded, patient, resourceful and a hard working individual.

Skills and education required:

- General knowledge of Microsoft environment and software
- General knowledge of networks and IT architecture
- Extensive knowledge of web programming and basic programming skills
- General knowledge of MS SQL databases and SQL is preferred
- Fluency in English and Icelandic
- Good general education or college degree

Flight Operations Department
FLIGHT OPERATIONS MANAGER

Working closely together with Director Flight Operations and his Deputy, your overall areas of responsibility will be:

- Supervising our Operations Control and our daily operations
- Monitoring and improving our On Time Performance
- Developing, streamlining and implementing procedures
- Follow up on our Flight Planning, performance tools and procedures
- Oversee the content of Flight Operations Manuals on which we base our operation

We expect you to be independent and decisive whilst still a good team player. The position requires you to be well organized with strong analytical skills and good management skills.

Due to the nature of the job, you should expect to regularly work outside normal office hours, as you will be expected to manage various situations at whatever time they arise.

Additionally, to be considered for the position you should:

- Have a thorough knowledge of and experience in the operational part of the airline industry
- Have a good general education or college and preferably administrative experience.
- Be fluent in English, both spoken and written
- Be skilled in Excel, Word, Outlook and have a good general knowledge of computers
- Be prepared to travel when required

Previous experience as Dispatcher or Airline pilot will be considered an advantage.



Firma BYGGINGARF.GYLFA &GUNNARS HF

poszukuje operatorow sprzetu ciezkiego z uprawnieniami na koparko-ladowarki,koparki obrotowe do 17 ton i wiecej.Zapewniamy prace na dlugi okres czasu.Nasza firma to jedna z wiekszych i dobrze prosperujacych w islandii.Zapewniamy dobre warunki.

Wszelkie informacje mozna uzyskac pod numerem 6630317/Arek-po polsku/Dziekujemy za kontakt.

Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og góður aðbúnaður. Við leitum eftir fólki á öllum aldri.



Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.
Borgartún 31. 105. Reykjavík.
www.bygg.is



Gröfumaður á hjólavél

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars óskar eftir vönum manni á nýlega hjólagröfu. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.

Nánari uppl. gefur Jón Hákon í síma 693-7319.

Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og góður aðbúnaður. Við leitum eftir fólki á öllum aldri.



Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.
Borgartún 31. 105. Reykjavík.
www.bygg.is





JetX - Primera Air | Hlíðasmári 12 | 201 Kópavogur | S. 527 6000 | Fax. 527 6001 | jetx.is



Hjúkrunarfræðingar

Við hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS) erum að leita að áhugasömum og kraftmiklum hjúkrunarfræðingum til að vinna við ungbarnavernd og skólahjúkrun á heilsugæslusviði og dagdeild, hand-og lyflæknisdeild og hjúkrunardeild á sjúkrahússviði. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja er sjúkrastofnun í markvissri sókn. Hér ríkir afbragðsgóður starfsandi, góðum hugmyndum starfsmanna er tekið fagnandi sem og nýjungum í starfsemi.

Heilsuvernd barna er ný deild innan heilsugæslusviðs, HSS. Heilsuvernd barna sinnir ung- og smábarnavernd og skólaheilsugæslu á öllum Suðurnesjum nema Grindavík. Eingöngu er unnið á dagvinnutíma í heilsuvernd barna frá 8-16 en að öðru leyti er hægt að aðlaga vinnutíma að þörfum viðkomandi. Dagdeildin tilheyrir sjúkrahússviði og er 5 daga endurhæfinga- og göngu-deild. Deildin er 16 rúma deild og að stærstum hluta fyrir skjólstæðinga sem koma í endurhæfingu og í aðgerðir. Nánari upplýsingar veitir Þórunn Benediktsdóttur, hjúkrunarforstjóri í gegnum netfangið thb@hss.is eða í síma 422-0625

Hjúkrunardeildin Víðihlíð er 25 rúma deild innan sjúkrahússviðs og er staðsett í Grindavík. Hjúkrunardeildin er deild fyrir einstaklinga með fjölþættan heilsufarsvanda ásamt færnistapi sem þarfnast langtímahjúkrunar. Nánari upplýsingar veitir Edda Bára Sigurbjörnsdóttir hjúkrunarframkvæmdastjóri í gegnum netfangið edda@hss.is eða í síma 426-7600

Um er ræða framtíðarstarf og æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags. Umsóknir sem greina frá menntun, fyrri störfum og meðmælendum skulu berast til Bjarnfríðar Bjarnadóttur starfsmannastjóra, Mánagötu 9, 230 Reykjanesbæ eða með tölvupósti á netfangið bjarnfridur@hss.is. Umsóknarfrestur er til og með 7.október 2007 og geta umsóknir gilt í 6 mánuði.

Öllum umsóknum verður svarað.



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURNESJA
SKÓLAVEGI 6 • 230 REYKJANESBÆ • WWW.HSS.IS • HSS@HSS.IS

Marel ehf er dótturfélag Marel Food Systems hf sem er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá Marel Food Systems starfa yfir 2100 starfsmenn í 5 heimsálfum, þar af um 370 manns hjá Marel ehf á Íslandi.

Vélahönnuður

Vélahönnuð vantar í vöruþróunarferli Marel. Starfið felur í sér hönnun á stöðluðum vörum fyrirtækisins fyrir matvælaiðnað. Mikil áhersla er lögð á vönduð vinnubrögð og þarf viðkomandi að geta unnið sjálfstætt sem og í teymisvinnu. Öll hönnun fer fram í SolidWorks.

Þú hefur:

- tæknimenntun á vélasviði
- þekkingu á teikniforriti

Við bjóðum:

- þjálfun í SolidWorks
- afbragðs vinnuaðstöðu og mötuneyti
- fjölskylduvænt vinnuumhverfi og sveigjanlegan vinnutíma
- aðgang að íþróttaaðstöðu og gott félagslíf
- styrki til símenntunar og íþróttaiðkunar

Nánari upplýsingar um starf vélahönnuðar veitir Kristján Hallvarðsson, framkvæmdastjóri vöruþróunarferlis, kristjan@marel.is, í síma 563 8000.

Fylla skal út umsóknir á heimasíðu Marel ehf., www.marel.com fyrir 28. september nk. Öllum umsóknum verður svarað og fullum trúnaði heitið gagnvart umsækjendum.

RETURN ON INNOVATION
www.marelfoodsystems.com

Fjármálastjóri

KLASI

Klasi hf. sérhæfir sig í þróun og rekstri fasteigna. Félagið er í örum vexti og vinnur nú að mörgum spennandi þróunar- og fjárfestingarverkefnum bæði hérlendis og erlendis. Meðal verkefna er uppbygging á nýjum miðbæ í Garðabæ, þróun og uppbygging á svæði fyrir eldri borgara í Reykjanesbæ og bygging hótels og heilsumiðstöðvar í Kaupmannahöfn. Nánari upplýsingar á www.klasihf.is.

Starfssvið

- Yfirmumsjón með bókhaldi
- Mánaðarleg fjárhagsuppgjör
- Fjárhagsáætlanir
- Fjárstýring og fjármögnun
- Viðskiptaáætlanir fyrir einstök verkefni
- Eignaumsýsla og gerð leigusamninga

Menntun og hæfniskröfur

- Viðskiptafræðimenntun eða sambærileg menntun er skilyrði
- Góð þekking á tölvu- og upplýsingatækni
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Metnaður og frumkvæði

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 1. október nk.

Nánari upplýsingar veita Þórir Þorvarðarson og Kristín Guðmundsdóttir. Netföng: thorir@hagvangur.is og kristin@hagvangur.is

- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is



Reykjavíkurborg
Menntasvið

Áhugaverð störf í grunnskólum

Eftirfarandi störf í grunnskólum Reykjavíkur eru laus

Austurbæjarskóli, v/Vítastíg, sími 411-7200
• Stuðningsfulltrúi í 50-75% starf

Árbæjarskóli, Rofabæ 34, sími 567-2555
• Skólaliðar í 50-100% störf

Borgaskóli, Vættaborgum 9, sími 577-2900
• Umsjónarkennari á miðstigi frá 1. janúar 2008

Breiðholtsskóli, Arnarbakka 1-3, sími 557-3000
• Dönskukennari á unglingastigi

Brúarskóli, Vesturhlíð 3, sími 520-6000
• Stuðningsfulltrúi
• Íþróttakennari í 60% stöðu

Foldaskóli, Logafold 1, sími 540-7600
• Umsjónarkennari í 6. bekk, afleysing frá 1. desember vegna fæðingarorlofs
• Kennari á unglingastigi, kennslugreinar danska og enska, afleysing frá 1. desember vegna fæðingarorlofs
• Skólaliði í mótuneyti frá 1. desember
• Stuðningsfulltrúi í 70% starf frá 1. janúar 2008

Hagaskóli, Fornhaga 1, sími 535-6500
• Skólaliði í 50-100% starf

Hamraskóli, Dyrhólmur 9, sími 567-6300
• Stuðningsfulltrúi í 50-75% starf

Ingunnarskóli, Mariúbaugi 1-3, sími 411-7828
• Umsjónarkennari í 4.-5. bekk, afleysing vegna fæðingarorlofs
• Umsjónarkennari í 6.-7. bekk, afleysing vegna fæðingarorlofs

Korpuskóli, Bakkastöðum 2, sími 411-7880
• Umsjónarkennarar á miðstigi

Langholtsskóli, Holtavegi 23, sími 553-3188
• Skólaliðar
• Stuðningsfulltrúi í 80% starf

Laugarnesskóli, Kirkjuteigi 24, sími 411-7444
• Myndmenntakennari

Réttarholtsskóli, v/Réttarholtsveg, sími 553-2720

- Kennari, kennslugreinar stærðfræði og stuðningskennsla
- Sundkennari, 9 kennslustundir eftir hádegi mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga
- Gangavörður, 70-100% starf

Rimaskóli, Rósaríma 11, sími 411-7720

- Kennari á unglingastigi, kennslugreinar íslenska og stærðfræði, 50% staða
- Skólaliðar

Safamýrarskóli, Safamýri 5, sími 568-6262
• Stuðningsfulltrúar

Seljaskóli, Kleifarseli 28, sími 411-7500
• Forfallakennari

Sæmundarskóli, Gvendargeisla 168, sími 411-7848

- Námsráðgjafi
- Sérkennari í 50-100% stöðu
- Stuðningsfulltrúar í 50-100% störf
- Skólaliðar í 50-100% störf

Vesturbæjarskóli, Sólvallagötu 67, sími 562-2296
• Íslenskukennari fyrir erlenda nemendur

Víkurskóli, v/Hamravík, sími 545-2700

- Íslenskukennari á unglingastigi í 70% stöðu, möguleiki á 100% stöðu
- Stærðfræðikennari á unglingastigi í 80% stöðu, möguleiki á 100% stöðu, afleysing vegna fæðingarorlofs

Vogaskóli, v/Ferjuvog, sími 411-7373

- Aðstoð á bókasafni og gæsla í mótuneyti, 70% starf

Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða. Öll laus störf á Menntasviði eru auglýst á www.menntasvid.is. Þar er einnig að finna frekari upplýsingar um hverja stöðu og umsóknarfresti. Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi skólum. Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Endurskoðandi

Ríkisskattstjóri óskar eftir að ráða endurskoðanda til starfa við eftirlit með félögum sem beita skulu alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu reikningsskila sinna.

■ Í starfinu felst að hafa eftirlit og meta áreiðanleika reikningsskila með hliðsjón af alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, taka þátt í samstarfi CESR, The Committee of European Securities Regulators (samstafsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði) og draga sjálfstæðar ályktanir um kröfur til reikningsskila hér á landi með hliðsjón af niðurstöðum samstarfsnefndarinnar.

■ Umsækjendur þurfa að hafa lokið löggildingu í endurskoðun, í samræmi við ákvæði laga nr. 18/1997 um endurskoðendur og hafa haldgöða þekkingu á meginatriðum stjórnsýslureglna. Sömuleiðis þarf viðkomandi að geta sýnt frumkvæði, hafa gott vald á rituðu máli, bæði á íslensku og ensku og hæfni til að leysa úr álitamálum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Skúli Eggert Þórðarson í síma 563 1152 milli kl. 09.30 og 10.30. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.

Umsóknir er hafa að geyma ítarlegar upplýsingar um menntun, starfsferil og önnur atriði er máli skipta, sendist ríkisskattstjóra Laugavegi 166, 150 Reykjavík – auðkennt starfsmannahald, fyrir 25. september 2007.

RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI

Auglýsingasími

512 50 50



OPNUM FLJÓTLEGA NÝJA OG GLÆSILEGA VERSLUN Í HOLTAGÖRÐUM

Óskum eftir duglegu, kraftmiklu og skemmtilegu starfsfólki í allar sérvöru- og matvörudeildir

Hægt er að sækja um á www.hagkaup.is. Einnig er hægt að fá umsóknareyðublöð í verslunum. Nánari upplýsingar um störfin veitir Arndís Arnarsdóttir starfsmannafulltrúi í síma 563 5000 eða starfsmannahald@hagkaup.is.

ÚRVAL



ÞÆGINDI



FERSKT & FRAMANDI



GÓÐ KAUP



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Trésmiðir á Akranes

Vantar innréttingasmiði á verkstæði og í uppsetningar

Upplýsingar í síma: 431 4260 og 898 7633

Starfsfólk óskast

Knattspyrnufélagið Víkingur óskar eftir að ráða fólk í húsvörslu í íþróttahúsi og félagsheimili Víkings. Um fullt starf er að ræða frá kl. 8 til 16 og einnig hlutastörf um helgar

Nánari upplýsingar veitir Örn Ingólfsson, framkvæmdastjóri félagsins, Sími: 581 3245/898 4532 Netfang: orn@vikingur.is



Knattspyrnufélagið Víkingur
Traðarlandi 1, 108 Reykjavík.



Óskum eftir að ráða verkamenn til starfa við gatnagerð og ýmsan frágang, mikil vinna í boði. Uppl. gefa Hallgrímur í síma 894 2089 og Marteinn í síma 896 3580.

Óskum eftir að ráða verkamenn til starfa í garðyrkjudeild fyrirtækisins, mikil vinna í boði. Uppl. gefur Þorsteinn í síma 856 0220

Poszukujemy
pracowników



Ásberg ehf er ört vaxandi fyrirtæki með góða verkefnastöðu framundan



Garðyrkjumaður / verkstjóri óskast til starfa í garðyrkjudeild.

Viðkomandi aðili þarf að geta stýrt verkefnum á vegum fyrirtækisins og vera vanur yfirborðsfrágangi. Um er að ræða framtíðarstarf.

Uppl. gefur Þorsteinn í síma 856 0220

Poszukujemy
pracowników



Ásberg ehf er ört vaxandi fyrirtæki með góða verkefnastöðu framundan

FERSKUR TÆKNITEIKNARI

óskast á verkfræðistofuna Línuhönnun hf.

Línuhönnun óskar eftir að ráða tækniteiknara til starfa sem fyrst. Starfið felst í almennri tækniteiknun á verkfræðisviði fyrirtækisins.

Hæfniskröfur:

Nám í tækniteiknun
Góð kunnátta í AutoCad nauðsynleg
Samviskusemi og skipulagshæfni



ISO 9001
ISO 14001



Umsækjendum er bent á að sækja um gegnum heimasíðu okkar: www.lh.is

Frekari upplýsingar gefur Ásta Björk Sveinsdóttir starfsmannastjóri í síma 585-1505 eða með tölvupósti: asta@lh.is

Umsóknarfrestur rennur út
1. október 2007

Línuhönnun er framsækin verkfræðistofa sem leggur metnað í vönduð vinnubrögð og léttan og skemmtilegan starfsanda. Þekking starfsmanna og hæfni þeirra, mannauðurinn, er mikilvægasti grunnur fyrirtækisins. Línuhönnun hf. leitast við að vera leiðandi verkfræðistofa í ráðgjöf og þjónustu sem þróast í takt við tímann. Kjörorð Línuhönnunar hf. og loforð til viðskiptavina er:

.... á vit góðra verka....

Suðurlandsbraut 4A
108 Reykjavík
www.lh.is

Sími: 585 1500
Fax: 585 1501
lh@lh.is



Línuhönnun
verkfræðistofa



Marel ehf er dótturfélag Marel Food Systems hf sem er alþjóðlegt hátækniyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaíðnað. Hjá Marel Food Systems starfa yfir 2100 starfsmenn í 5 heimsálfum, þar af um 370 manns hjá Marel ehf á Íslandi.

Tækjaforritari

Tækjaforritara vantar á tækjahugbúnaðarsvið til að vinna við þróun stýrihugbúnaðar fyrir ýmiss konar kerfi og heildalausnir í matvælaíðnaði. Um er að ræða verkefni sem krefjast færni í hugbúnaðargerð í náinni samvinnu við sölu- og vöruþróunarteymi. Hér gefst áhugasömum kostur á að forrita, koma að stillingu og uppsetningu og sjá afrakstur í verki. Starfinu fylgja ferðalög erlendis.

Þú hefur:

- reynslu af forritun
- góða enskukunnáttu
- innsýn í stýriforritun

Við bjóðum:

- þjálfun í forritunarmálum
- afbragðs vinnuaðstöðu og mötuneyti
- fjölskylduvænt vinnuumhverfi og sveigjanlegan vinnutíma
- aðgang að íþróttaaðstöðu og gott félagslíf
- styrki til símenntunar og íþróttaiðkunar

Nánari upplýsingar um starf tækjaforritara veitir Jón Þór Ólafsson, framkvæmdastjóri vöruþróunarferlis, jon@marel.is, í síma 563 8000.

Fylla skal út umsóknir á heimasíðu Marel ehf., www.marel.com fyrir 28. september nk. Öllum umsóknum verður svarað og fullum trúnaði heitið gagnvart umsækjendum.



RETURN ON INNOVATION
www.marelfoodsystems.com

marel
food systems

Kynningarfulltrúi iðnhönnunar

Kynningarfulltrúi starfar í umboði fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar og IKEA á Íslandi.

Helsta hlutverk kynningarfulltrúa er að auka þekkingu um iðnhönnun í skólum Garðabæjar. Kynningarfulltrúinn vinnur einnig að kynningu á iðnhönnun m.a. með því að hafa frumkvæði að sýningum, kynningum og öðrum starfstengdum framkvæmdum.

Starfssvið:

- Ráðgjöf og fræðsla til kennara um kennslu í iðnhönnun
- Þátttaka í þróun iðnhönnunar sem námsgrein í skólum
- Skipulag samstarfs milli skólastiga
- Þróun samstarfs faghópa milli skóla
- Uppsetning sýninga og annarra viðburða
- Móttaka hópa og fyrirlestrahald
- Gerð kynningarefnis um iðnhönnun
- Ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar fyrir verkefni kynningarfulltrúa í samráði við forstöðumann fræðslu- og menningarsviðs og fulltrúa IKEA

Hæfniskröfur:

- Iðnhönnun á háskólastigi eða sambærileg menntun
- Starfsreynsla, reynsla af kennslu og/eða upplýsingamiðlun æskileg
- Frumkvæði í starfi
- Góðir skipulags- og samskiptahæfileikar

Umsóknarfrestur er til og með 7. október.

Vinsamlegast sækjið um með því að fylla út almenna atvinnuumsókn á vef Garðabæjar www.gardabaer.is

Nánari upplýsingar gefa:

Margrét Björk Svavarsdóttir, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar, margretsv@gardabaer.is

Vilhjálmur Kári Haraldsson, þjónustustjóri, vilhjalmurha@gardabaer.is, í síma 525 8500.



Starf á skrifstofu

Íslenskt sjávarfang óskar eftir að ráða starfsmann í hálfvart starf á skrifstofu félagsins að Bakkabraut 2, Kópavogi. Starfið er fólgið í símsvörum, útskrift reikninga og öðrum almennum skrifstofustörfum. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir er greini frá menntun, reynslu, fyrri störfum og öðru því sem umsækjandi vill koma á framfæri sendist á netfangið runar@sjavarfang.is sem fyrst og eigi síðar en 27. ágúst n.k.

Nánari upplýsingar veittar í síma 567 7040.

Íslenskt sjávarfang framleiðir ferskar og frýstar sjávarafurðir til sölu á innanlandsmarkaði. Fyrirtækið leggur áherslu á góðan vinnuanda og sækist eftir starfsfólki sem vill vinna í því umhverfi.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Lausar stöður í leik- og grunnskólum

Leikskólar

Arnarberg (555 3493 arnarberg@hafnarfjordur.is)
Aðstoð í eldhús

Álfaberg (555 3021 alfaberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun. (Álfaberg er leikskóli fyrir 5 ára börn)

Álfasteinn (555 6155 alfasteinn@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Starfsmenn til stuðnings

Hlíðarberg (565 0556 hliðarberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Síðdegisstöður

Hlíðarendi (555 1440 hliðarendi@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Hraunvallaskóli (664 5835 sigrunk@hraunvallaskoli.is)
Leikskólakennara/starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Hvammur (565 0499 hvammur@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Skilastaða

Hörðuvellir (555 0721 horduvellir@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Kató (555 0198 kato@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Leikskólinn er tveggja deilda og tekst á við forystuverkefni í samkennslu

Norðurberg (555 3484 nordurberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Stekkjárás (517 5920/664 5862 stekkjaras@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara, þroskajálfa og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Aðstoð í eldhús frá kl. 10-14
Skilastöður

Tjarnarás (565 9710 tjarnaras@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Vesturkot (565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Sérkennslustjóra

Viðivellir (555 2004 vidivellir@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara
Þroskajálfa

Grunnskólar

Áslandsskóli (664 5501 leifur@aslandsskoli.is)
Skólaliðar

Hraunvallaskóli (664 5872 ainar@hraunvallaskoli.is)
Kennsla á yngsta stigi
Skólaliða
Leikskólakennara/annað uppeldismenntað starfsfólk (sigrunk@hraunvallaskoli.is)

Lækjarskóli (664 5877 haraldur@laekjarskoli.is)
Skólaliðar

Setbergsskóli (664 5880 gudusk@setbergsskoli.is)
Skólaliða

Viðistaðaskóli (664 5891 annakr@vidistadaskoli.is)
Stuðningsfulltrúi
Skólaliða

Allar upplýsingar um störfin gefa skólastjórar viðkomandi skóla. Sjá einnig nánar á heimasíðum skólanna. Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störf.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði



Starfsfólk óskast á tannlæknastofu

Tannlæknastofan Hlíðasmára 14 óskar eftir tveimur starfskröftum til að aðstoða tannlækna. Um er að ræða 60-70% starf með fríi annan hvern föstudag og hins vegar 100% starf. Viðkomandi þarf að vera sjálfstæð, skipulögð, snör í snúningum og með ljúft viðmót.

Umsóknum skal skila á stofuna, Hlíðasmára 14 til 1.október 2007.

TÆKNILEGUR SÉRFRÆÐINGUR Á ÖRYGGISSVIÐI

Neytendastofa óskar eftir að ráða metnaðarfullan tækni-menntaðan mann til starfa á Öryggissviði stofnunarinnar. Um er að ræða faglega krefjandi starf þar sem reynir á tæknilega ráðgjöf um reglur er varða rafmagnsöryggismál, framkvæmd eftirlits með rafverktökum og neysluveitum, fræðslu og kynningu á reglum er gilda um öryggi fagfólks og neytenda á starfssviði sínu. Um er að ræða margvisleg áhugaverð verkefni er varða löggjöf á sviði rafmagns-öryggis og eftirlit með framkvæmd þeirra.

Umsjón með eftirfarandi starfspáttum:

- Tæknileg ráðgjöf og fræðsla um reglur er varða öryggisstjórnun rafverktaka og neysluveitna, túlkun og framkvæmd reglna er gilda um rafmagnsöryggismál.
- Skipulagning og framkvæmd lögbundins eftirlits með rafverktökum og öryggi neysluveitna, þ.m.t. veitingu starfsréttinda og samskipti við skoðunarstofur.
- Þátttaka í mótun og viðhaldi á gæðastjórnunar- og öryggiskerfum í samræmi við reglur á rafmagnsöryggis-sviði og annarra almennra krafna í starfsumhverfi Neytendastofu.
- Þátttaka í samstarfi í þróun laga og reglna sem gilda um öryggi neysluveitna og öryggisstjórnun rafverktaka o.fl.

Menntun:

- Rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssvið)
- Sveinsbréf í rafvirkjun.
- Reynsla af störfum sem lúta að hönnun og uppsetningu lágspennuvirkja.

Almenn þekking og hæfniskröfur:

- Góð almenn þekking á tölum og skrifstofuhugbúnaði
- Góð íslensku- og enskukunnátta og færni í einu Norðurlandamáli.
- Almenn þekking á íslensku stjórnkerfi og regluumhverfi.
- Skipulags- og samskiptahæfni
- Frumkvæði

Nauðsynlegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Vakin er athygli á 20. gr. laga nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Umsóknir óskast sendar Neytendastofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík, eða rafrænt á póstfang stofnunarinnar, postur@neytendastofa.is, eigi síðar en 9. október 2007. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar um starfið veita Tryggvi Axelsson forstjóri og Jóhann Ólafsson, sviðsstjóri Öryggissviðs, í síma 510 1100. Netföng: tryggvi@neytendastofa.is og johann@neytendastofa.is.

Öryggissvið Neytendastofu hefur umsjón með rafmagnsöryggismálum á Íslandi, skoðunum á neyslu-veitum, öryggisstjórnunarkerfum rafveitna og rafverktaka. Öryggissvið annast markaðseftirlit með rafföngum, almennum vörum og annast skipulagningu þess í samstarfi við önnur stjórnvöld.



NEYTENDASTOFA

Borgartúni 21 • 105 Reykjavík • Sími 510 1100 • Bréfasími 510 1101
postur@neytendastofa.is • www.neytendastofa.is



Jarðboranir



Jarðboranir er leiðandi fyrirtæki í borun eftir neysluvatni og jarðvarma. Fyrirtækið hefur vaxið hratt á Íslandi undanfarin ár en auk þess eru umsvif þess á erlendri grund að aukast. Í hóp öflugra starfsmanna vantar nú starfsmenn með svipað hugarfar og vilja.

Viltu taka þátt í að komast að kjarnanum ...

Vegna aukinna umsvifa innanlands og erlendis auglýsa Jarðboranir eftir bormönnum til starfa.

Leitað er að framtíðarstarfsmönnum til að taka þátt í vexti og uppbyggingu þekkingar á borun í leiðandi fyrirtæki.

Starfsumhverfi: Bormenn starfa við krefjandi aðstæður að spennandi borverk-efnum víðs vegar um landið. Nýtt vaktafyrirkomulag gerir ráð fyrir að unnið sé í sjö daga og frí í sjö daga. Unnið er á 12 tíma vöktum.

Hæfniskröfur: Starfið krefst athygli og verkviðs en reynsla af verklegum framkvæmdum ýmiskonar og/eða iðnmenntun nýtist vel við borstörf.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Elísabet S. Arndal, ráðgjafi hjá Hagvangi. Netfang: elisabetsa@hagvangur.is

Númer starfs er 7082.
Umsóknarfrestur er til og með 5. október nk.



- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is



Marel ehf er dótturfélag Marel Food Systems hf sem er alþjóðlegt hátækniyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá Marel Food Systems starfa yfir 2100 starfsmenn í 5 heimsálfum, þar af um 370 manns hjá Marel ehf á Íslandi.

Verkefnisstjóri

Verkefnisstjóra vantar á verkefnasvið til að vinna í sölutengdum verkum. Um er að ræða stýringu á stærri söluverkum fyrir vél- og hugbúnaðarlausnir frá sölu til afhendingar. Í því felst m.a. að skipuleggja samstarf við viðskiptavini, dótturfélög og undirverktaka vegna uppsetninga og innleiðinga. Viðkomandi þarf að geta unnið á skipulegan hátt undir álagi og tekið ábyrgð. Starfinu fylgja ferðalög erlendis.

Þú hefur:

- reynslu af verkefnastjórnun
- menntun í verkfræði, tækniþræði eða öðru sem nýtist í starfi
- innsýn í notkun teikniforrita

Við bjóðum:

- afbragðs vinnuaðstöðu og mötuneyti
- fjölskylduvænt vinnuumhverfi og sveigjanlegan vinnutíma
- aðgang að íþróttaaðstöðu og gott félagslíf
- styrki til símenntunar og íþróttaiðkunar

Nánari upplýsingar um starf verkefnisstjóra veitir Björgvin Benediktsson, sviðsstjóri verkefnasviðs, bjorgvin@marel.is, í síma 563 8000.

Fylla skal út umsóknir á heimasíðu Marel ehf., www.marel.com fyrir 28. september nk. Öllum umsóknum verður svarað og fullum trúnaði heitið gagnvart umsækjendum.



RETURN ON INNOVATION
www.marelfoodsystems.com



Þjónustustjóri/staðgengill útibússtjóra á vestursvæði

SPRON leitar að árangursdrifnum og traustum þjónustustjóra í útibú SPRON á Skólavörðustíg. Þjónustustjóri á Skólavörðustíg er jafnframt staðgengill útibússtjóra á vestursvæði útibúa SPRON. Útibú SPRON á vestursvæði eru Skólavörðustígur, Borgartún og Austurströnd.

Helstu verkefni:

- Dagleg stjórnun útibúsins og þátttaka í stjórnun vestursvæðisins
- Markaðs- og sölumál í samvinnu við útibússtjóra og markaðssvið
- Útlánaverkefni
- Ábyrgð og eftirfylgni á þjónustustefnu SPRON sparisjóðs
- Samskipti við núverandi viðskiptavinum og öflun nýrra viðskiptavina á ört stækkandi markaðssvæði

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði viðskipta, stjórnunar eða sambærilegt
- Reynsla af stjórnun skilyrði
- Reynsla og/eða áhugi á markaðs- og sölumálum skilyrði
- Hagnýt reynsla af bankastörfum og fjármálamarkaði æskileg
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Frumkvæði, kraftur og brennandi áhugi á að ná árangri í starfi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Einarsdóttir, útibússtjóri á vestursvæði, í síma 550 1200. Umsóknir óskast sendar á starfsmannathjonusta@spron.is fyrir 8. október nk. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

SPRON byggir samkeppnishæfni sína á ábyrgu og hæfu starfsfólki sem nýtur sjálfstæðis í starfi, ávinnur sér traust viðskiptavina og veitir þeim framúrskarandi lipra og skjóta þjónustu. Í öllu starfi og samskiptum bæði innbyrðis og gagnvart viðskiptavinum er áhersla á **TRAUST, FRUMKVÆÐI og ÁRANGUR.**

75 ára



Starfsfólk óskast

Óskum eftir starfsfólki til að taka til pantanir í söludeild okkar að Dalshrauni 9b, Hafnarfirði. Upplýsingar gefur Sófus í síma 863 1938



Jarðeðlisfræðingur - Verkfræðingur - Tölfræðingur

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing í vinnu við ofanflóðahættumat og rannsóknir sem því tengjast. Um er að ræða krefjandi og áhugavert sérfræðistarf fyrir öflugan einstakling sem hefur gaman af útivist og vill vinna að hagnýtingu vísindalegrar þekkingar. Starfið felst m.a. í mati á ofanflóðaaðstæðum, notkun reiknilíkana og landupplýsingakerfa og þátttaka í þróun nýrra aðferða. Samstarf er við erlendar rannsóknastofnanir í þróunarverkefnum. Veðurstofan annast hættumat vegna ofanflóða.

Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi háskólapróf í jarðeðlisfræði, verkfræði, tölfræði eða sambærilega menntun. Góð íslenskukunnátta er skilyrði. Sjálfstæð vinnubrögð og góð samskiptafærni eru mikilvæg við vinnu af þessu tagi og áhugi á snjó, náttúru og veðurfari landsins æskilegur auk reynslu af ferðum í fjalllendi.

Laun eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veita Þórður Arason (arason@vedur.is), verkefnisstjóri ofanflóðahættumats og Þórunn Pálsdóttir, sviðsstjóri veðursviðs, í síma 522 6000. Umsóknum með upplýsingum um menntun og fyrri störf ásamt starfsferilsskrá skal skilað til Veðurstofu Íslands, Bústaðavegi 9, 150 Reykjavík, fyrir 29. september nk.



Vilt þú taka þátt í krefjandi og spennandi starfi með unglingum?

Starfið felst í beinni meðferðarvinnu og tómstundastarfi og einstaklingsbundnum stuðningi við unglingana í meðferð í samvinnu deildarstjóra, og sálfræðinga. Nýir starfsmenn fá fræðslu og stuðning til að takast á við starfið.

Menntunar- og hæfniskröfur. Við erum að leita að einstaklingi sem hefur reynslu af vinnu með unglinga t.d. í tómstundastarfi eða íþróttastarfi eða hafi aðra þá starfsreynslu eða menntun sem að mati forstöðumanns nýtist í starfi. Umsækjendur þurfa að hafa hæfni í mannlegum samskiptum og áhuga á meðferðarstörfum. Þeir þurfa að vera stundvísir, geta farið eftir verklagsreglum og jafnframt sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Um er að ræða vaktavinnu.

Með umsóknum skulu fylgja upplýsingar um menntun og fyrri störf ásamt sakavottorði. Laun skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningum loknum.

Umsóknir berast til Stuðla - Meðferðarstöðvar ríkisins fyrir unglinga, Fossaleyni 17, 112 Reykjavík eigi síðar en 8. október n.k.

Nánari upplýsingar veita forstöðumaður, og deildarstjóri meðferðardeilda og í síma 530-8800.

Forstöðumaður

VIÐ ERUM TIL TAKS



Landhelgisgæsla Íslands leitar eftir áhugasömum og öflugum starfsmanni

Starfssvið:

- Vinna við skráningu reikninga
- Símvavarsla og móttaka
- Ýmis önnur verkefni samkvæmt ákvörðun

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Skipulagshæfileikar og þjónustulund er skilyrði
- Stúdentspróf og/eða reynsla af vinnu við bókhald er æskileg
- Kunnátta á Oracle bókhaldskerfi er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta, bæði í töluðu og rituðu máli
- Góð tölvukunnátta

Landhelgisgæsla Íslands var stofnuð 1. júlí 1926. Helstu verkefni hennar eru:

- Löggæsla og eftirlit á hafinu umhverfis Ísland
- Ábyrgð og yfirstjórn á leit og björgun á sjó
- Aðstoð við björgun og sjúkraflutninga á landi
- Sjómaelingar og sjókortagerð
- Sprengjueyðing

Hjá Landhelgisgæslu Íslands starfa um 160 manns með mismunandi bakgrunn í hinum ýmsu störfum. Nú leitar Landhelgisgæslan að öflugum og jákvæðum starfsmanni til að bæta stöðu í hópinn.

Umsóknum með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, ásamt sakavottorði, skal skilað til Landhelgisgæslu Íslands, Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík fyrir 24. september nk. merktar „Umsókn – rekstrarsvið“.

Nánari upplýsingar veita Svanhildur Sverrisdóttir starfsmannastjóri (svanhildur@lhg.is) og Rannveig Friðriksdóttir bókarar (rannveig@lhg.is) í síma 545-2000.

Gröfumaður óskast

Óskum eftir góðum gröfumanni.
Áhugasamir sendi umsókn í tölvupósti:
hildur@stafnas.is



DOMO er nýtt og framsækið veitingahús í hjarta borgarinnar

Vegna mikilla anna framundan viljum við bæta við okkur eftirfarandi starfsfólki:

- * Metnaðarfullum matreiðslumanni og matreiðslunema
- * Aðstoð í sal

Vinnustaðurinn einkennist af léttu og skemmtilegu andrúmslofti, metnaðarfulls starfsfólks

Frekari upplýsingar eru á staðnum eða í síma 552 5588, matreiðslumenn hringi í Ragnar Ómarsson í 862 3441

DOMO Restaurant, Þinghóltsstræti 5, 101 Rvk, www.domo.is



Deildarstjóri Hagdeildar Norðuráls

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi til að stýra mánaðarlegum uppgjörum, kostnaðareftirliti, greiningum og áætlanagerð. Deildarstjóri Hagdeildar er ábyrgur gagnvart fjármálastjóra. Aðalstarfsstöð deildarstjórans verður á höfuðborgarsvæðinu.

Hvers væntum við?
Umsækjandi þarf að hafa reynslu af uppgjörum og áætlanagerð. Stjórnunarreynsla er kostur. Lipurð í samskiptum, frumkvæði og vilji til að axla ábyrgð eru mikilvægir eiginleikar. Góð íslensku- og enskukunnátta er einnig skilyrði, ásamt haldgóðri tölvuþekkingu. SAP er fjárhagskerfi okkar og þekking á því kemur sér vel.

Óskað er eftir einstaklingi með viðskiptafræðimenntun með áherslu á reikningshald og/eða fjármál. Framhaldsmenntun er æskileg og reynsla af vinnu á endurskoðunarstofu er kostur.

Hvað veitum við?
Við bjóðum þér gefandi starf hjá nútímalegu fyrirtæki í mikilli sókn. Þú vinnur mikilvæg verk með góðu samstarfsfólki og við tökum vel á móti þér. Laun þín eru að hluta árangurstengd og ennfremur greiðir fyrirtækið þér aukið framlag í séreignasjóð.

Norðurál
Norðurál er eftirsóttur vinnustaður. Starfsmenn eru rökleglega 400, verkefni margvísleg og störfin fjölbætt. Hjá Norðuráli starfa m.a. verkfræðingar, tæknifræðingar, viðskiptafræðingar, sálfræðingar, efnifræðingar, eðlisfræðingar, líffræðingar, tölvunarfræðingar, vélvirkjar, vélstjórar, rafvirkjar og rafsuðumenn, auk ófagglærða starfsmanna sem öðlast dýrmæta sérhæfingu við störf sín og nám hjá fyrirtækinu.

Jafnrétti
Við leggjum áherslu á jafna möguleika karla og kvenna til að starfa hjá Norðuráli.

Trúnaður
Farið verður með umsókn þína og allar persónulegar upplýsingar sem trúnaðarmál.

**Hvernig sækir þú um?**
Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 30.sept. nk. Númer starfs er 7072. Upplýsingar veita Ari Eyberg og Inga Steinunn Arnardóttir. Tölvuföng: ari@hagvangur.is, inga@hagvangur.is.


Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • nordural@nordural.is • www.nordural.is



Leikskólinn Ægisborg óskar eftir að ráða yfirmann í eldhús

Ægisborg er fjögurra deilda leikskóli staðsettur á Ægisíðu 104. Vinnutími er á bilinu 8 - 16.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- nám á sviði matreiðslu
- reynsla af vinnu við matreiðslu æskileg
- þekking og reynsla af verkstjórn æskileg
- þekking á rekstri eldhúsa æskileg
- færni í mannlegum samskiptum
- góð íslenskukunnátta
- skipulagshæfni, nákvæmni, frumkvæði og áreiðanleiki í starfi

Upplýsingar gefur Sigrún Birgisdóttir, leikskólastjóri í síma 551-4810 eða 693-9848.

Öll laus störf í leikskólum eru auglýst á www.leikskolar.is. Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða. Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauðingurinn má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá samaveri Reykjavíkurborgar, 4. töl 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður

Brunavarnir Skagafjarðar auglýsa laust til umsóknar starf slökkviliðs- og sjúkraflutningamanns.

Um er að ræða fullt starf í vaktavinnu við sjúkraflutninga, slökkvistörf, reykköfun, björgun og neyðarflutninga. Útkalls- og bakvaktaskylda er utan dagvinnutíma. Laun eru skv. kjarasamningi Launaneðndar sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna eða samkvæmt kjarasamningi SFS.

Hæfniskröfur:
Umsækjendur þurfa að uppfylla skilyrði 8.gr reglugerðar nr.792/2001 um menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna. Þeir sem ráðnir eru til starfa sem slökkviliðsmenn skulu fullnægja eftirtöldum skilyrðum:
Hafa góða líkamsburði, vera andlega og líkamlega heilbrigðir, reglusamir og háttvísir, hafa góða sjón og heyrn, rétta litaskynjun og vera ekki haldnir lofthæðslu eða innilokunarkennd. Hafa aukin ökuréttindi til að stjórna vörubílfreið og leigubílfreið. Hafa iðnmenntun (sveins- eða vélstjóraráróf) sem nýtist í starfi slökkviliðsmanna eða sambærilega menntun og reynslu. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst og hafi menntun og reynslu í störfum slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Umsóknarfrestur er til 15. október 2007
Skriflegum umsóknum skal skila á skrifstofu sviðsstjóra Umhverfis- og tæknisviðs í Ráðhúsinu við Skagfirðingabraut á Sauðárkróki. Fylgigögn með umsókn skulu vera: Læknisvottorð, sakavottorð, prófskírteini og ljósrit af ökuskírteini. Frekari upplýsingar veitir Kári Gunnarsson settur slökkviliðsstjóri í síma 453-5425

Slökkviliðsstjóri

Brunavarnir Skagafjarðar óska eftir að ráða slökkviliðsstjóra til starfa.

Slökkviliðsstjóri er yfirmaður Brunavarna Skagafjarðar, ber ábyrgð á starfsemi þeirra og annast daglegan rekstur Brunavarna Skagafjarðar. Helstu verkefni slökkviliðsstjóra eru áætlanagerð, stefnumótun, skýrslugerð, gerð starfsáætlana og fjárhagslegur rekstur, ásamt stjórnun á öllum viðamiklum aðgerðum slökkviliðsins. Slökkviliðsstjóri sér um að búnaður slökkviliðsins, færni og menntun starfsmanna uppfylli þarfi slökkviliðsins. Þá sér slökkviliðsstjóri um öll samskipti við fjölmöla og almenning varðandi starfsemi slökkviliðsins.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun með sérmenntun í brunamálum eða hafa starfað að lágmarki í eitt ár í slökkviliði sem löggiltur slökkviliðsmaður
- Reynsla og/eða haldgóð þekking á stjórnun slökkviliðs
- Góðir skipulags- og stjórnunarhæfileikar
- Góð almenn tungumála- og tölvukunnátta
- Þjónustulund, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

Brunavarnir Skagafjarðar heyrja undir Umhverfis- og tæknisvið Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launaneðndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til 15. október 2007
Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Örn Berndsen sviðsstjóri Umhverfis- og tæknisviðs í síma 455-6000. Netfang jobygg@skagafjordur.is

Skipulagsfulltrúi

Sveitarfélagið Skagafjörður óskar eftir að ráða Skipulagsfulltrúa til starfa hjá sveitarfélaginu.

Starfssvið:

- Umsjón með aðalskipulagi sveitarfélagsins
- Umsjón með gerð deiliskipulags.
- Ábyrgð á auglýsingum og kynningarferli skipulagstillagna.
- Gerð minni háttar deiliskipulags- og aðalskipulagsuppráttanna.
- Samskipti við Skipulagsstofnun í tengslum við skipulagsgerð.
- Ábyrgð á skráningu og vistun skipulagsgagna.

Menntun og hæfniskröfur:
Arkitekt, skipulagsfræðingur, eða sambærileg menntun. Góðir skipulagshæfileikar og frumkvæði. Starfsreynsla mjög æskileg. Jákvætt hugarfar og hæfni í mannlegum samskiptum. Góð almenn tölvukunnátta.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Örn Berndsen sviðsstjóri Umhverfis- og tæknisviðs í síma 455-6000, netfang: jobygg@skagafjordur.is

Umsóknarfrestur er til 15. október 2007
Skriflegar umsóknir, sem tilgreina m.a. menntun og fyrri störf skulu sendar í Ráðhúsið við Skagfirðingabraut á Sauðárkróki, merktar Skipulagsfulltrúi.



Sveitarfélagið Skagafjörður er spennandi valkostur

Íbúar í Sveitarfélaginu Skagafirði eru um 4.200, þar af um 2.600 á Sauðárkróki. Sauðárkrókur er einn öflugasti byggðakjarni landsbyggðarinnar þar sem saman fer öflug útgæta, úrvinnsla afurða af stóru landbúnaðarsvæði og þjónusta sem jafnast á við það besta.

Það er alltaf pláss fyrir fleira gott fólk í Skagafirði!

 **Skagafjörður**
– tími til að lifa

NÝPENT eft. SAUÐÁRKRÓKI

www.skagafjordur.is

RÁÐHÚS SKAGFIRÐINGABRAUT 21550 SAUÐÁRKRÓKUR☎ 455 6000



Laus störf á sviði Viðskiptabankalausna

Vörustjóri veflausna

Starfið felst í mótun vöruframboðs Teris á sviði veflausna. Vörustjóri ber ábyrgð á sínum vöruflokk og hefur umsjón með þróun hans. Hann þarf að fylgjast vel með nýjungum og hafa góða yfirsýn yfir það sem er í boði. Í starfinu felast mikil samskipti við ólíka hópa viðskiptavina, birgja og annarra starfsmanna innan fyrirtækisins.

Leitað er að einstaklingi með menntun á sviði upplýsingatækni, verkfræði eða viðskiptafræði. Þekking og reynsla af veflausnum er æskileg. Um krefjandi starf er að ræða og þarf viðkomandi einstaklingur að geta unnið sjálfstætt, eiga gott með samskipti og hafa auga fyrir nýjum hugmyndum og kraft til að fylgja þeim eftir.

Verkefnastjóri

Starfið felst í verkefnastjórnun á sviði Viðskiptabankalausna. Verkefnastjóri hefur yfirlit umsjón með verkefnum og fylgir þeim eftir frá upphafi til enda.

Leitað er að einstaklingi með menntun á sviði viðskiptafræði, upplýsingatækni eða verkfræði. Þekking og reynsla af verkefnastjórnun er nauðsynleg. Viðkomandi einstaklingur þarf að geta unnið sjálfstætt, vera skipulagður og eiga gott með mannleg samskipti.

Nánari upplýsingar veitir Sigurborg Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri í síma 897 6339 og Hrönn Guðbjartsdóttir mannauðsstjóri í síma 895 0743.

Umsóknir skal senda til Hrannar Guðbjartsdóttur, hronn.gudbjartsdottir@teris.is

Umsóknafrestur er til 28. sept n.k.

TERIS er framsækið upplýsingatækniyrirtæki og leiðandi í þjónustu við fyrirtæki á fjármálamarkaði. Hjá TERIS starfa 130 manns með viðtæka þekkingu. Teris er þekkingarfyirtæki og starfsmenn því mikilvægasta auðlindin. Mikil reynsla og þekking hefur byggst upp meðal starfsmanna frá stofnun fyrirtækisins. Fyrirtækið hefur á að skipa sérfræðingum á öllum sviðum upplýsingatækninnar sem og sérfræðingum í starfsemi fjármálafyrirtækja. Starfsfólk er hvatt til að sækja sér endurmenntun á sínu sviði og tryggja þannig hæfni þess og kunnáttu. TERIS er vottað samkvæmt alþjóðlega staðlinum ISO/IEC 27001:2005 um stjórnun upplýsingaöryggis.

Verkfræðistofan Rafhönnun hf. hefur áhuga á að bæta við sig fólki

Starf A - Tækniteiknarar

Starfssvið: Teiknun raflagna í AutoCAD

Hæfniskröfur:

- Tækniteiknari
- Reynsla af teikningu raflagna æskileg
- Kunnáttu á AutoCAD

Nánari upplýsingar veitir Skapti Valsson skapti@rafhonnun.is í síma 530-8029.

Vinsamlega sendið umsókn til Rafhönnunar fyrir 8 október n.k. Umsóknir þurfa að innihalda nákvæma lýsingu á menntun umsækjanda og fyrri störfum og aðrar upplýsingar sem Umsækjandi telur að komi að gagni við

Starf B - Lagnahönnuðir

Starfssvið:

Hönnun raflagna og eftirlit. Aðallega er um að ræða lagnir í stærri byggingar, iðnað o.fl. Einnig ýmis sérkerfi bygginga.

Hæfniskröfur:

- Rafmagnsverkfræðingur, tæknifræðingur, iðnfræðingur eða rafvirki vanur lagnahönnun
- Reynsla af lagnahönnun æskileg.
- Þekking á sérkerfum bygginga æskileg.

Leitað er eftir starfsfólki sem sýnir frumkvæði í starfi og lipurð í samskiptum ásamt því að hafa skipulagshæfileika og jákvætt hugarfar.

Verkfræðistofan Rafhönnun

Starfsmenn Rafhönnunar eru um 65. Fyrirtækið er með vottað gæðastjórnarkerfi samkvæmt kröfum ISO 9001:2000. Stærstu verkefni Rafhönnunar um þessar mundir eru m.a. nýtt álver Alcoa á Reyðarfirði, stækkun Norðuráls á Grundartanga, stækkun flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og einnig útboð og hönnun á rafbúnaði virkjana og orkuveitna. Rafhönnun hefur um árabil unnið að ráðgjöf og hönnun vegna uppsetningar stjórnkerfa fyrir orkuveitur. Hönnun á raflögnum og sérkerfum fyrir byggingar er verulegur hluti starfseminnar. Á fjarskiptasviði er m.a. unnið við ráðgjöf fyrir stærri notendur og jafnframt hönnun fjarskiptakerfa fyrir fjarskiptafyrirtæki. Einnig er unnið að ýmsum iðnaðarverkefnum sem fela m.a. í sér hönnun raflagna og forritun iðntölva og skjákerfa. Starfsmenn Rafhönnunar annast margvísleg verkefni, jafnt áætlanagerð, útboðsgögn, raflagnahönnun, eftirlitsstörf, verkefnastjórnun og forritun allt eftir því sem við á.



Sölu- og markaðssvið MS Reykjavík

leitar að sölufulltrúa

Í starfinu felast alhliða samskipti við viðskiptavini Mjólkursamssölnunar á fyrirtækjamarkaði með áherslu á veitingahús, hótél, mötuneyti, kaffihús, heilsurækt og skóla. Unnið er með allar vörur Mjólkursamssölnunar allt frá mjólk til sælkerasta. Sérstök áhersla er lögð á öflun nýrra viðskiptavina og viðskiptatækifæra.

Hæfniskröfur: Sjálfstæði í starfi, samvirkusemi, frumkvæði, stundvísi, drifkraftur, skipulögð vinnubrögð, almenn tölvukunnáttu ofl. Starfsreynsla úr veitinga- og/ eða stór-eldhúsageiranum er kostur.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn H. Magnússon í síma 569-2257. Umsóknarfrestur er til 30. september nk. og skulu umsóknir berast til starfsmannastjóra MS, Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík eða á netfangið starfsmannasvid@ms.is

Mjólkursamsalan ehf. er framsækið framleiðslu og markaðsfyrirtæki á sviði mjólkurframleiðslu í eigu 700 bænda um land allt. Félagið er stærsta matvælafyrirtæki landsins með árlega veltu upp á 13 milljarða króna. Hjá félaginu starfa 450 manns á 7 starfsstöðvum víðs vegar um landið. Unnið er eftir jafnréttisáætlun hjá MS.

Frekari upplýsingar um félagið er að finna á heimasíðu þess www.ms.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS

JAFNRÉTTISFULLTRÚI

Laust er til umsóknar starf jafnréttisfulltrúa Háskóla Íslands.

Eitt af sex grunngildum í stefnu Háskóla Íslands 2006-2011 er að Háskóli Íslands leggi áherslu á lýðræðisleg vinnubrögð og að jafnréttis verði gætt á öllum sviðum.

Hlutverk jafnréttisfulltrúa er m.a. að vinna að framgangi og eftirfylgni við framkvæmd jafnréttisstefnu Háskóla Íslands. Leitað er að öflugum einstaklingi til starfa í fjölbreyttu og metnaðarfullu starfsumhverfi.

Hæfniskröfur:

- Framhaldsmenntun á háskólastigi á sviði jafnréttismála.
- Þekking og reynsla af málaflokknum.
- Menntun á sviði kynjafræða/i kynjafræði er æskileg.
- Gott vald á framsetningu efnis á rituðu og mæltu máli.
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði og frumkvæði.
- Skipulagshæfileikar.

Sjá nánar á www.hi.is/page/storf og www.starfatorg.is

Við ráðningar í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans

Háskóli Íslands v/Suðurgötu, 101 Reykjavík, s. 525 4000



Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið



KÓPAVOGSBÆR

Frá Salaskóla

- **Laus störf í Salaskóla:**
Umsjónarkennari á yngsta stig, getur verið hlutastarf.
- **Starfsmaður í ýmis fjölbreytt og skemmtileg verkefni, 100% starf.**

Í Salaskóla er lögð áhersla á að hver nemandi fái að njóta sín. Kennst er í aldursblönduðum námshópum og leitast við að hafa námshópa hæfilega fjölmenna. Boðið er upp á gott vinnu-umhverfi og frábæran starfsanda.

Upplýsingar gefur Hafsteinn Karlsson, skólastjóri, eða Hrefna Björk Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri, í síma 570 4600.

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störf.

Heimasíða skólans er <http://salaskoli.is>

www.kopavogur.is - www.job.is



KÓPAVOGSBÆR

Skjalasafn

Óskar eftir starfsmanni

Helstu verkefni:

- Skráning og frágangur skjala
- Upplýsingagjöf
- Aðstoð við notendur

Hæfniskröfur:

- Reynsla af skjalamálum nauðsynleg
- Góð tölvukunnátta
- Nákvæmni í vinnubrögðum

Menntun í bókasafns- og upplýsingafræðum eða önnur menntun sem nýtist í starfi æskileg.

Nánari upplýsingar gefur Gígja Árnadóttir, skjalastjóri, eða Páll Magnússon, bæjarritari, í síma 570 1500.

Umsóknarfrestur er til 10. október n.k.

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

www.kopavogur.is - www.job.is



KÓPAVOGSBÆR

Laust er til umsóknar starf starfsmannastjóra Kópavogsbæjar

- **tímabundið til 1. júlí 2008**
(vegna námsleyfis starfsmannastjóra).

Kópavogsbær er annað stærsta sveitarfélag landsins með um tvö þúsund launþega sem sinna margvíslegum verkefnum sveitarfélagsins.

Starfsmannadeild Kópavogsbæjar hefur yfirmensjón með starfsmannamálum bæjarins. Í starfsmannadeild starfa sérhæfðir starfsmenn sem annast dagleg verkefni m.a. launa-afgreiðslu og ráðgjöf vegna ráðninga, launa-setningar og starfsloka, sinna símenntunarmálum og jafnréttisráðgjöf, starfsmatsmálum, túlkun kjarasamninga, o.fl.

Starfsmannastjóri Kópavogsbæjar stýrir starfsmannadeild.

- Gerð er krafa um háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. í mannauðsstjórnun eða lögfræði auk reynslu af starfsmannastjórnun.
- Lögð er áhersla á skipulögð og markviss vinnubrögð, góða samstarfshæfileika og frumkvæði og sjálfstæði.

Upplýsingar um starfið gefur Páll Magnússon bæjarritari í síma 570 1500.

Umsóknarfrestur er til 8. október næstkomandi.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

www.kopavogur.is - www.job.is

Czy chciałbyś pracować dla godnej zaufania firmy...., w której jest również wesoło?

Hagkaup jest przedsiębiorstwem detalicznym, dostarczającym mieszkańcom Islandii produkty codziennego użytku.

Zarówno produkty spożywcze jak i odzież, produkty gospodarstwa domowego oraz sprzęt wypoczynkowy

W sklepach Hagkaup zatrudnionych jest 800 osób na 500 różnych stanowiskach pracy.

Na podstawie badań przeprowadzonych przez VR, Przedsiębiorstwo Roku 2006, najbardziej zadowolonymi pracownikami w branży spożywczej większych i mniejszych firm handlowych, są właśnie pracownicy Hagkaup.

WOLNE MIEJSCA PRACY W HAGKAUP

Hagkaup poszukuje pracowników do swoich sklepów. Oferujemy stanowiska na działach spożywczych oraz specjalistycznych w naszych sklepach.

Szukamy osób, które chcą mieć czynny udział we wzroście i rozwoju firmy. Hagkaup kładzie duży nacisk na uprzejmość, zaufanie oraz pomysłowość.

Podania o pracę można wypełnić na www.hagkaup.is. Można również otrzymać podania w sklepach Hagkaup. Więcej informacji udzielam Arndis Arnarsdóttir, doradca d/s personalnych, pod numerem telefonu 563-5081 bądź adresem internetowym arndis@hagkaup.is



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Do you want to work for a trusted, successful company... Which is also fun to work for?

Hagkaup is a retail company offering Icelandic homes a wide range of products for use in their daily lives, including food, clothing, housewares and sports and hobbies.

Hagkaup has a united group of around 800 workers working in 500 full-time positions.

According to VR's- Business of the Year 2006 poll, the happiest employers working in department stores and groceries are at Hagkaup.

EMPLOYMENT OPPORTUNITIES NOW AVAILABLE AT HAGKAUP


We at Hagkaup are looking for staff in our stores. We are now hiring in the grocery and the speciality goods sections in all of our stores. We are looking for exciting, driven people who are looking for an exciting, diverse job.

We are looking for people who are looking to grow and prosper with us. Hagkaup places much emphasis on service, reliability and incentive. We encourage people of all ages to apply.

Apply electronically on www.hagkaup.is. It is also possible to pick up an application in all Hagkaup stores. For more information about the jobs on offer contact Arndís Arnarsdóttir at 563 05081 or arndis@hagkaup.is.



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



PIPAR • SJA • 71807

Lánstraust hf. er eitt af dótturfélögum Creditinfo Group hf. sem er með starfsemi í 25 löndum víðsvegar um heiminn. Samstæðan hefur einbeitt sér að því að bjóða fyrirtækjum þjónustu sem miðar að því að lágmarka áhættu í lánsviðskiptum.

Starfsmenn Creditinfo Group eru tæplega 300 og af þeim starfa um 60 á Íslandi. Sjá nánar www.LT.is.

Umsóknir skulu sendar á umsoknir@lt.is fyrir 1. október nk.



Creditinfo Group var valið eitt af 500 framsæknuustu fyrirtækjum Evrópu á árinu 2005.

Hugbúnaðarsérfræðingur

Vegna aukinna verkefna hjá framsæknu og spennandi fyrirtæki viljum við ráða til okkar hugbúnaðarsérfræðinga.



Við leitum að sérfræðingum til að annast viðhald, nýsmíði og þróun á kerfum Lánstrausts hf. Um er að ræða spennandi og skapandi starf í skemmtilegu umhverfi með mikla möguleika á starfsþróun.

HÆFNISKRÖFUR:

Æskilegt er að viðkomandi búi yfir þekkingu á einhverju af eftirtöldu:

- .NET umhverfi
- Microsoft SQL server
- Informix

Í boði er metnaðarfullt og líflegt starfsumhverfi. Starf hjá alþjóðlegu fyrirtæki sem býður upp á möguleika á starfsþróun.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar: Bryndís Alfreðsdóttir, bryndis@lt.is.

L Á N S T R A U S T H F.

F O R V A R N I R Í F J Á R M Á L U M

Höfðabakka 9, 110 Reykjavík • Sími: 550 9600 • LT@LT.is • www.LT.is



SJÚKRAHÚSIÐ VOGUR

Hjúkrunarfræðingar

Samtök áhugafólks um áfengis og vímuefnavandann óska eftir að ráða hjúkrunarfræðinga til starfa.

Á Sjúkrahúsinu Vogu er starfrækt afeitrun og meðferð áfengis og vímuefnasjúklinga..

Við hvetjum þá hjúkrunarfræðinga sem eru að hugsa um að breyta til í starfi þessa dagana að hafa samband við okkur og líta á aðstæður og ræða málin.

Frekari upplýsingar veitir Þóra Björnsdóttir hjúkrunarforstjóri á staðnum, síma 824 7615 netfang thora@saa.is



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

Varmárskóli auglýsir:

Lausar eru eftirtaldar stöður:

- Kennari í fullt starf , kennslugreinar m.a. tungumál
- Kennari í afleysingar
- Proskapjálfi í fullt starf

Í Varmárskóla fer fram mikið og öflugt þróunarstarf m.a. í stærðfærði og einstaklingsmiðuðu skólastarfi. Töluverð samskipti eru við erlenda skóla

Við leitum eftir konum sem körlum sem hafa ánægju af að vinna með börnum og vinna með skemmtilegu og faglegu samstarfsfólki. Hlökkum til að heyra í þér.

Nánari upplýsingar veita Þórhildur Elfarsdóttir, skólastóri í síma 525 0700 og 863 3297 og Þórunna Rósa Ólafsdóttir skólastjóri 525 0700 og 899 8465

SÖLURÁÐGJAFI

KASSAGERÐIN EHF



Við leitum að hæfileikaríkum og metnaðarfullum aðila til að gegna starfi söluráðgjafa hjá Kassagerðinni ehf. Í starfinu felst m.a. að viðhalda samböndum við núverandi viðskiptavinum og öflun nýrra viðskipta, fylgjast með þróun og breytingum á markaði ásamt þátttöku í vörubrún og stefnumörkun.

Hæfinskröfur

- Þekking á sjávarútvegi er skilyrði
- Reynsla af sölumennsku á fyrirtækjasviði æskileg
- Hæfni og áráðni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður til að ná árangri
- Góð tölvukunnátta

Við bjóðum

- Starf hjá traustum vinnuveitanda
- Metnaðarfullt starfsumhverfi
- Góðan starfsanda
- Samkeppnishæf launakjör
- Tækifæri til endurmenntunar

Kassagerðin ehf. varð til við sameiningu Kassagerðar Reykjavíkur hf. og Umbúðamiðstöðvarinnar hf. í desember árið 2000 og er nú eitt af dótturfyrirtækjum Kvosar hf. Viðskiptavinir Kassagerðarinnar eru af ýmsu tagi, allt frá stórum alþjóðlegum fyrirtækjum til einstaklinga, bæði hér heima og erlendis. Kassagerðin leggur áherslu á framúrskarandi þjónustu og statar af leiðandi markaðsstöðu á sínu sviði.

Umsóknarfrestur er til og með 1. október n.k.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Kvosar, www.kvos.is. Nánari upplýsingar um starfið veitir Hanna Þórunn Skúladóttir starfsmannastjóri Kvosar hf. netfang: hannask@kvos.is eða í síma 545-2000.

Deildarstjóri

Meðferðarheimili fyrir fólk með einhverfu óskar eftir að ráða deildarstjóra. Staðsetning meðferðarheimilisins er við náttúruperluna Elliðavatn.

Helstu verkefni:

- Mótun og útfærsla á þjónustuáætlunum
- Leiðsögn starfsfólks
- Samstarf við aðstandendur

Hæfniskröfur:

- Þroskaþjálfun eða B.A. í sálfræði
- Áhugi á málefnum fatlaðra
- Þjónustulund og jákvæðni í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Í boði er:

- Skemmtileg vinna með einstöku fólki
- Fagleg ögrandi verkefni
- Leiðsögn undir handleiðslu fagfólks
- Góður undirbúningstími

Óskað er eftir einstaklingi með brennandi áhuga á að læra meira um hagnýta atferlissgreiningu og einhverfu. Deildarstjóri er staðgengill forstöðumanns.

Launakjör samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og ÞÍ / Útgæðs. Nánari upplýsingar veitir sviðsstjóri starfsmannasviðs á skrifstofutíma. Sjá einnig auglýsingu á heimasíðu Svæðisskrifstofu www.smfr.is. Umsóknarfrestur er til 7. október nk.

Svæðisskrifstofa Reykjaness sem staðsett er á stórhöfuðborgarsvæðinu er áhugaverður vinnustaður sem sinnir fjölbreyttri þjónustu á heimilum fatlaðra, á hæfingarstöðvum, starfsþjálfunarstað og skammtímavistunum.

smfr
Svæðisskrifstofa mállefna fatlaðra á Reykjanesi

Svæðisskrifstofa Reykjaness // Fjarðargötu 13-15,
Hafnarfirði // s: 525 0900 // www.smfr.is

maritech

Maritech ehf. á Íslandi er framsækið þjónustu- og ráðgjafar fyrirtæki á sviði viðskiptalausna. Markmið fyrirtækisins er að aðstoða viðskiptavinina sína við að ná framúrskarandi árangri með nýtingu Microsoft Dynamics viðskiptalausna.

Starfsmenn Maritech á Íslandi eru um 70 á skrifstofum í Kópavogi og á Akureyri. Hjá fyrirtækinu er unnið við þjónustu og þróun viðskiptalausna fyrir flestar greinar atvinnulífsins. Viðskiptavinir Maritech eru mörg af stærstu fyrirtækjum og sveitarfélögum landsins.

Nánari upplýsingar á www.maritech.is

Maritech
Hlíðarsmári 14
201 Kópavogur
Sími 545 3200
Fax 545 3201
info@maritech.is

Við leitum að

RÁÐGJÖFUM OG FORRITURUM

Við bjóðum:

- Frábæran starfsanda og liðsheilid
- Sveigjanlegan og fjölskylduvænan vinnutíma
- Góða starfsaðstöðu og góð laun
- Símenntun í starfi og virka endurmenntunarstefnu
- Fjölbreytt, spennandi og krefjandi verkefni

Ef þetta vekur áhuga þinn, og þú ert með háskólapróf í viðskipta- eða tölvunarfræði, þá hvetjum við þig til að hafa samband og kanna málið nánar.

Nánari upplýsingar veita:

Margrét Gunnlaugsdóttir • sviðsstjóri viðskiptasviðs

• margretg@maritech.is

Sigríður Helga Hermannsdóttir • sviðsstjóri þróunarsviðs

• sigridur@maritech.is

Hrannar Erlingsson • framkvæmdastjóri

• hrannar@maritech.is

Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir og fyrirspurnir.

Umsóknir sendist á hrannar@maritech.is



OKKUR VANTAR FLEIRI FORRITARA!

Forritarar - hugbúnaðarsérfræðingar

Við leitum að afburðafólki sem er tilbúið að taka þátt í spennandi og krefjandi verkefnum á sviði ráðgjafar og þróunar í upplýsingatækni.

Æskilegt er að umsækjendur séu með háskólapróf í tölvunarfræði eða tölvuverkfræði og hafi þekkingu og reynslu af helstu gagnagrunnskerfum, Microsoft .NET, SharePoint, Visual Studio þróunarumhverfinu og forritunarmálunum C# og Delphi. Mikilvægt er að umsækjendur hafi gott vald á ensku vegna samskipta við erlenda samstarfsaðila. Grafísk þekking er kostur.

Í boði er sveigjanlegt og fjölskylduvænt starfsumhverfi.

Umsóknum skal skila á netfangið hrafnhildur@stiki.is fyrir 5. október 2007. Fullum trúnaði er heitið. Nánari upplýsingar veitir Svana Helen Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Stika.

Stiki er þekkingarfyrirtæki á sviði upplýsingatækni. Starfsemi fyrirtækisins skiptist í þróunarsvið og ráðgjafarsvið og fyrirtækið er leiðandi í ráðgjöf og lausnum sem grundvallast á öryggi upplýsinga. Stiki byggir árangur sinn á fagmennsku og trausti í samskiptum við viðskiptavinina. Starfsemi Stika er vottuð samkvæmt ISO/IEC 27001 og ISO 9001.



Microsoft
GOLD CERTIFIED
Partner



Síðumúla 34 - Sími 5700 600 - www.stiki.is



Sjóklæðagerðin – 66°Norður er eitt elsta framleiðslu-fyrirtæki landsins, stofnað árið 1926 og hefur um áratuga skeið verið leiðandi í framleiðslu á sjó- og vinnufatnaði. Undanfarinn áratug hefur fyrirtækið vaxið hratt í framleiðslu og sölu á fjölbreyttum fatnaði til útivistar og fengið margvísleg verðlaun fyrir hönnun sína og markaðs-starf síðastliðin ár.

Í dag starfa rúmlega 300 manns hjá fyrirtækinu og rekur það 10 verslanir undir vörumerkjum 66°Norður og Rammagerðarinnar.

Almenn sölustörf

66°Norður óskar eftir starfsmönnum til almennra sölustarfa í verslanir sínar

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sölu- og þjónustustörfum
- Rík þjónustulund
- Jákvæð og hress framkoma
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Áreiðanleiki

Við leitum að kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingum sem eiga auðvelt með mannleg samskipti og sýna sjálfstæði í störfum. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsóknarfrestur er til og með 28 september.

Umsóknir sendist á ninna@66north.is



www.66north.is



JÁVERK

Byggingastjóri / Verkstjóri

Óskum eftir að ráða til framtíðarstarfa reyndan verkstjóra / byggingastjóra yfir framkvæmdum á vegum fyrirtækisins á höfuðborgarsvæðinu.

Helstu verkefni:

- Stjórnun starfsmanna og undirverktaka og skipulag á vinnustað
- Samskipti við verkkaupa og undirverktaka
- Eftirlit með verkáætlun
- Innkaup í samráði við verkefnastjóra

Góð laun í boði fyrir reynda og öfluga stjórnendur.

Allar nánari upplýsingar veita Gylfi í síma 860 1707 (gylfi@javerk.is) og Guðmundur í síma 860 1730 (gbg@javerk.is).

Móttökuritari

JÁVERK óskar eftir að ráða líflegan einstakling sem fyrst í móttöku á skrifstofu fyrirtækisins í Reykjavík. Vinnutími er frá kl. 9–16 alla daga. Um er að ræða nýtt starf þannig að sá sem verður ráðinn mun taka þátt í að móta starfið í samráði við stjórnendur fyrirtækisins.

Helstu verkefni:

- Símsvörun
- Móttaka viðskiptavina og umsjón með kaffistofu
- Ritvinnsla og vinna á Excel töflureikni
- Skjalavarsla
- Önnur störf í samráði við yfirmann

Hæfniskröfur:

- Stúdentspróf er æskilegt
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslenskukunnátta í ræðu og riti er skilyrði
- Góð enskukunnátta
- Nám í tækniteiknun er kostur
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknir skulu sendast á netfangið javerk@javerk.is fyrir 1. október.

JÁVERK leggur áherslu á að ráða kraftmikla og metnaðarfulla einstaklinga sem hafa áhuga á að sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnu. Við bjóðum upp á frábæran starfsanda og gott vinnuumhverfi í metnaðarfullu og vaxandi fyrirtæki auk samkeppnishæfra launa.

JÁVERK ehf. er 15 ára öflugt, metnaðarfullt og vaxandi verktakafyrirtæki. Starfsmenn eru um 150 í dag og verkefnastaða fyrirtækisins er traust næstu árin. Fyrirtækið er með starfsstöðvar og verkefni bæði á Suðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu og er m.a. að byggja hæsta hús landsins. Starfsmannastefna fyrirtækisins gerir ráð fyrir að aðbúnaður og starfsumhverfi sé með því besta sem þekkist. Starfsandi er góður og starfsmannafélagið er mjög virkt og stendur fyrir margskonar skemmtunum og ferðalögum.

Gagnheiði 28
IS-800 Selfoss
Íceland
Sími +354 480 1700
Fax +354 480 1701
www.javerk.is

Egilshöllin Grafarvogi

Auglýsir eftir starfsmanni í vaktavinnu á skautasvelli

Við almenna gæslu og viðhald á skautasvelli. Við bjóðum uppá góða vinnuaðstöðu og starfsanda
Upplýsingar veitir Egill í síma 6911959
eða egill@egilshollin.is

Vantar þig góðan starfskraft?

Ég er 28 ára gamall tölvudellukarl sem óskar eftir góðri vinnu. Fyrir utan íslensku þá hef ég mjög gott vald á norsku og ensku, bæði í töluðu og rituðu máli. Hef búið lengi erlendis.

Er með Stúdentspróf, Tölvuviðgerðarnám frá Tölvutækniskóla Íslands, Microsoft certified professional 210, 215, 270 Comtia A+. Er fljótur að læra.

Áhugasamir sendi tölvupóst á hedinng@simnet.is



EININGAVERKSMIÐJAN

Einingaverksmiðjuna ehf vantar vélvirkja sem allra fyrst.

Ört vaxandi fyrirtæki á góðum stað.

Tekið verður við umsóknum hjá Helgu í síma 587-7770 frá kl. 9 - 16 eða á email: helga@ev.is



KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF

Bæjarskrifstofur:

- Starfsmannastjóri til 1. 7. 2008
- Starfsmaður á skjalasafn

Félagsþjónusta Kópavogs:

- Félagsliði í kvöldþjónustu
- Liðveitandi/persónulegur ráðgjafi og tilsjón
- Aðstoð við heimilisstörf
- Stuðningsfjölskyldur

Sundlaug Kópavogs:

- Laugarvarsla karla
- Laugarvarsla kvenna

GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

Digranesskóli:

- Skólaliði 100%
- Starfsmaður í Dægradvöl 50%

Hjallaskóli:

- Kennari í leikrænni tjáningu
- Umsjónarkennari á miðstig
- Starfsmaður í Dægradvöl 50%
- Stundakennari í albönsku
- Stuðningsfulltrúi 60%

Hörðuvallaskóli:

- Starfsmenn í Dægradvöl 50%

Kársnesskóli:

- Starfsmaður í Dægradvöl 50%
- Stuðningsfulltrúi í Dægradvöl 50% e.hád.

Kópavogsskóli:

- Kennari til forfallakennslu
- Störf við ræstingar (75%)

Lindaskóli:

- Stærðfræðikennari á eldra stig
- Starfsmaður í Dægradvöl
- Gangavörður/ræstir

Salaskóli:

- Umsjónark. á yngsta stig, getur verið hlutastarf
- Starfsm. í fjölbreytt, skemmtileg verkefni

Smáraskóli:

- Dönskukennari í 8.-10. bekk
- Heimilisfræðikennari
- Tónmenntakennari 50%
- Stuðningsfulltrúar
- Skólaliðar
- Umsjónarkennari á yngsta stig

Snælandsskóli:

- Proskapjálfi/stuðningsfulltrúi
- Dægradvöl 50%

Vatnsendaskóli:

- Skólaliði 100%
- Starfsmaður í Dægradvöl 30-50% e. háð.
- Matráður kennara 60%

Nánari upplýsingar á:
www.kopavogur.is
og www.job.is



ECONOMIC/COMMERCIAL ASSISTANT

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the part time position of Economic/Commercial Assitant. The closing date for this postion is September 30, 2007. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page: <http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html>

Við hjá BIRNA Concept Shop erum að leita af starfsmanni í hlutastarf í verslun okkar í vetur.

Ef þú ert 23 ára eða eldri, sjálfstæð, sveiganleg, samviskusöm, hefur ríka þjónustulund og gaman af mannlegum samskiptum þá erum við að leita af þér.

Umsóknir sendist á ibh@birna.net
Skilafrestur er til 27.september

BIRNA

Skólavörðustígur 2
www.birna.net



Lagermaður



Vélar & Verkfæri ehf. er gróð inn-
flutningsfyrirtæki á sviði byggingavara,
læsinga, öryggisvara og verkfæra.
Fyrirtækið var stofnað árið 1942.
Meðal vörumerkja sem fyrirtækið dreifir
eru t.d. Assa-læsingar, Bahco
handverkfæri o.fl.

www.vv.is

Vélar og Verkfæri ehf. óskar að ráða lagermann.

Mikilvægt er að viðkomandi geti unnið á tölvur, hafi ökuréttindi og búi yfir hæfni í mannlegum samskiptum. Áhersla er lögð á nákvæmni, heiðarleika, stundvísi og reglusemi.

Fyrirtækið býður góða vinnuaðstöðu í samhentum hópi fólks. Vinnutími er frá kl. 8-17 fjóra daga vikunnar og kl. 8-16 á föstudögum. Um framtíðarstarf er að ræða.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 30. september nk.
Upplýsingar veitir Rannveig J. Haraldsdóttir. rannveig@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Starfsmenn á heimili fyrir heimilislausa karlmenn

Velferðarsvið óskar eftir starfsmönnum til starfa á heimili fyrir heimilislausa karlmenn. Um er að ræða heimili fyrir átta heimilislausa karlmenn.

Helstu verkefni:

- Stuðningur við heimilismenn varðandi samskipti við samfélag/aðila innan og utan heimilisins
- Aðstoð við heimilismenn í daglegum störfum heimilisins s.s. þríf, matseld og þess háttar
- Ábyrgð á þrífum heimilisins og matseld
- Þátttaka í teymisvinnu starfsmanna
- Þátttaka í húsfundum heimilismanna
- Önnur þau störf sem starfsmanni kunna að verða falin af forstöðumanni.

Hæfniskröfur:

- Skilningur og þekking á vanda einstaklinga með langvarandi félagslegan vanda vegna neyslu áfengis og annarra vímuefna
- Hæfni í mannlegum samskiptum og áhugi fyrir málefnum íbúa heimilisins

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar stéttarfélags.
Nánari upplýsingar veitir Erla Björg Sigurðardóttir í síma 411-1600, netfang: erla.bjorg.sigurdardottir@reykjavik.is
Umsóknnum skal skilað á Velferðarsvið Reykjavíkur Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík **fyrir 24. september nk.**

Langar þig að vinna á litlum og persónulegum vinnustað?

Við leitum að áhugasömum starfsmanni til að aðstoða fólk með fötlun sem býr í sjálfstæðri búsetu í miðborginni.

Um er að ræða dag-, kvöld- og helgarvinnu.
Starfshlutfall er 60%

Margvisleg reynsla kemur að notum og njóta starfsmenn leiðsagnar og stuðnings í starfi.

Hvort sem þú er að leita að framtíðarstarfi eða vinnu með skóla, hafðu samband. Við munum taka vel á móti þér.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Nánari upplýsingar veitir Guðbjörg L. Pétursdóttir í síma 561-3141. Umsóknnum skal skilað á netfangið gudbjorg.l.petursdottir@reykjavik.is
Umsóknarfrestur er til 5. október nk.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauðgýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



Reykjavíkurborg
Leikskólasvið



Skapandi störf með skapandi fólki

Laus störf í leikskólum Reykjavíkurborgar

Leitað er eftir:

- Leikskólakennurum
- Starfsfólki með uppeldis- og háskólamenntun
- Starfsfólki með menntun eða reynslu á sviði lista
- Starfsfólki með fjölbreytta menntun og/eða starfsreynslu

Deildarstjórar

Brákarborg, Brákarsundi 1, sími 553-4748
Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350
Vínagerði, Langagerði 1, sími 553 8085
Ösp, lðufelli 16, sími 557-6989

Leikskólakennarar/leiðbeinendur

Austurborg, Háaleitisbraut 70, sími 553-8545
Barónsborg, Njálsgötu 70, sími 551-0196
Blásalir, Brekknaás 4, sími 557-5720
Engjaborg, Reyrengi 11, sími 587-9130
Austurborg, Háaleitisbraut 70, sími 553-8545
Dvergasteinn, Seljavegi 12, sími 551-6312
Furuborg, við Áland, sími 553-1835
Garðaborg, Bústaðavegi 81, sími 553-9680
Geislabaugur, Kristnibraut 26, sími 517 2560
Gullborg, Rekagrandu 14, sími 562-2455
Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350
Hlíðaborg, Eskihlíð 19, sími 552-0096
Hlíðarendi, Laugarásvegi 77, sími 553-7911
Hof, Gullteigi 19, sími 553-9995
Hraunborg, Hraunbergi 12, sími 557-9770
Klettaborg, Dyrhómrúm 5, sími 567-5970

Kvarnaborg, Árkvörn 4, sími 567-3199
Lækjaborg, við Leirulæk, sími 568-6351
Reynisholt, Gvendargeisla 13, s. 5175560
Rofaborg, Skólalabæ 6, sími 567-2290
Seljakot, Rangárseli 15, sími 557-2350
Sjónarhóll, Völundarhús 1, sími 567-8585
Vínagerði, Langagerði 1, sími 553 8085
Völvuborg, Völvufelli 7, sími 557-3040
Ægisborg, Ægisíðu 104, sími 551-4810
Öldukot, Öldugötu 19, sími 551-4881
Ösp, lðufelli 16, sími 557-6989

Leikskólakennarar/leiðbeinendur 50% starf e.h.

Hraunborg, Hraunbergi 12, sími 557-9770
Seljakot, Rangárseli 15, sími 557-2350

Sérkennsla/ atferlisþjálfari

Engjaborg, Reyrengi 11, sími 587-9130
Völvuborg, Völvufelli 7, sími 557-3040
Ösp, lðufelli 16, sími 557-6989

Aðstoðarmaður í eldhús 50%

Hof, Gullteigi 19, sími 553-9995

Upplýsingar um lausar stöður veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum og mannauðsráðgjafar á Starfsmannaþjónustu Leikskólasviðs í síma 411-7000.
Öll laus störf í leikskólum eru auglýst á www.leikskolar.is.
Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða.
Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauðgýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Pípulagnir

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars auglýsir eftir pípulagningarmönnum til starfa. Mikil mælingarvinna. Hjá okkur er góður aðbúnaður og virkt starfsmannafélag. Nánari upplýsingar veitir Ólafur í síma 693-7325.

Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og góður aðbúnaður. Við leitum eftir fólki á öllum aldri.



Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.
Borgartún 31. 105. Reykjavík.
www.bygg.is

ÚTBOÐ

ÚTBOÐ

F.h. Strætó bs:

Er óskað eftir tilboðum í ökutækjatrýggingar byggðasamlagsins Strætó bs. EES útboð.

Útboðsgögn verða seld á kr. 3.000, frá og með 26. september 2007, í upplýsinga-þjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.

Opnun tilboða: 12. nóvember 2007, kl 10:00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.
12026

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod



Reykjavíkurborg



Innkaupaskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

Conís var stofnað í janúar 2005.
Starfssvið fyrirtækisins er öll
almenn verkfræðiráðgjöf.
Fyrirtækið leggur áherslu á fagleg
vinnubrögð og að veita viðskipta-
vinum okkar bestu þjónustu.
Conís er aðildarfyrirtæki FRV.



Verkfræðingar og tæknifræðingar

Vegna aukinna verkefna leitum við að byggingarverkfræðingum og/eða
byggingartæknifræðingum.

Við óskum eftir starfsmönnum til að vinna að:

- Hönnun burðarvirkja
- Umsjón og eftirliti með framkvæmdum

Við bjóðum:

- Góða verkefnastöðu
- Vinnu við fjölbreytt og áhugaverð verkefni
- Markaðslaun
- Góða starfsaðstöðu í björtu og rúmgóðu húsnæði

Áhugasamir hafi samband við Júlíus Bernburg, julius@conis.is

Conís ehf verkfræðiráðgjöf | Hlíðasmára 11 | 201 Kópavogi | sími: 517 3090 | www.conis.is

» Ráðningarþjónusta

Ert þú í atvinnuleit? Fjöldi starfa í boði.

- » Skrifstofustörf
- » Lagerstörf
- » Verslunarstörf
- » Bókhaldsstörf
- » Ræstingarstörf
- » Sérfræðistörf
- » Útkeyrslustörf
- » Sölustörf
- » Stjórnunarstörf
- » Störf við kerfisstjórn
- » Störf við forritun
- » Framleiðslustörf
- » Iðnstörf
- » Þjónustustörf

» Kannaðu málið á

www.hhr.is

HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík
Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

Ævintýri alla daga

Leikskólinn Sæborg, Starhaga 11, óskar eftir að ráða
leikskólakennara og starfsfólk með aðra menntun.
Einnig er laus staða í sérkennslu.

Sæborg er leikskóli sem leggur áherslu á leikskólastarf í anda Reggio Emilia, þar sem
megin áhersla er lögð á virkni barnsins og það að barnið sé sterkt og hafi mikið fram að
færa. Hundrað mál barnanna eru höfð að leiðarljósi!
Starfsmenn þurfa að vera forvitnir um börn og gera gert sér grein fyrir því að börnin hafa
mikið fram að færa. Í Sæborg lærum við saman og af hvert öðru, fullorðnir jafnt sem börn.
Upplýsingar gefur Soffía Þorsteinsdóttir, leikskólastjóri í síma 562 3664 eða 562 3674.
P.S Heimasíðan okkar þó hún sé ekki ný uppfærð segir hún meira en mörg orð!

» Við leitum að fólki á öllum aldri,
af báðum kynjum, með margs
konar menntun og reynslu.



Reykjavíkurborg
Leikskólasvið

www.leikskolar.is



FJÖLSKYLDU- OG
HÚSDÝRAGARÐURINN

Ert þú góður kokkur?

Óskum eftir matráðsmanni við veitingasölu
Fjölskyldu- og húsdýragarðsins.

Í starfinu felst þátttaka í stjórnun og rekstri
veitingasölnunnar.

Helstu verkefni eru að:

- Ákveða vöruúrval og framreiðslu þess.
- Sjá um innkaup.
- Elda mat og baka,
- Verkstýra og skipuleggja samstarf innan
veitingasölnunnar.

Umsækjandi þarf að vera menntaður á sviði matargerðar.
Hafa góða samstarfshæfileika og sýna útsjónasemi og
hugmyndaðgi varðandi innkaup og vöruúrval.
Grunnþekking á tölvunotkun er æskileg.
Veitingasalan er starfrækt allt árið og opnunartími hennar
fylgir opnunartíma garðsins

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Starfsmannafélags
Reykjavíkur við Reykjavíkurborg. Nánari upplýsingar veitir
Sigrún Thorlacius í síma 575-7800 eða á netfanginu
sigrun@husdyragardur.is.

Umsóknir þurfa að vera skriflegar og berast á pósthönd:
Fjölskyldu- og húsdýragarður
Hafrafelli við Engjaveg
104 Reykjavík.
eða á netfang: sigrun@husdyragardur.is.

Umóknarfrestur er til 7.október næstkomandi.

Leitað er að manneskju sem hefur þjónustulund,
og er stundvís og nákvæm.

Starfssvið:

- Móttaka og símavarsla
- Undirbúningur funda og kynninga
- Skjalavarsla
- Ferðabókanir
- Önnur almenn skrifstofustörf

Hæfniskröfur:

- Reynsla af skjalavistun
- Almenn tölvuþekking
- Grunnfærni í notkun
Power Point og Excel

Nánari upplýsingar veitir:

Ólafía B. Rafnsdóttir starfsmannastjóri 365 í síma 512 5000.
Umsóknir skal senda á olafia@365.is

365

Framkvæmdastjórn
